



EYJAFRÉTTIR

14. 05. 2026 • 53. árg. • 05. tbl. • www.eyjafrettir.is • kr. 1.590



Stelpurnar á
fljúgandi ferð **23**

Mynd Sigfús Gunnar



Kosið til
bæjarstjórnar



5

Setrið í sókn



12

Á hlaupum
um Evrópu

Minnsta mál í appinu



Þrjú framboð takast á um níu sæti í bæjarstjórn

Kosið verður til bæjarstjórnar í Vestmannaeyjum laugardaginn 16. maí næstkomandi. Þrjú framboð bjóða fram lista í kosningunum; D-listi Sjálfstæðisflokksins, E-listi Eyjalistans og M-listi Miðflokksins.

Í síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 2022 hlaut Sjálfstæðisflokkurinn fjóra bæjarfulltrúa, bæjarmálaráðgjafið Fyrir Heimaey þrjú og Eyjalistinn tvo. Fyrir Heimaey býður ekki fram að þessu sinni en Miðflokkurinn kemur nýr inn í baráttuna.

Kosningabaráttan hefur verið líflig síðustu vikur og hafa meðal annars málefni framkvæmda, rekstur bæjarins, hafnamál, skipulagsmál og framtíð uppbyggingar í Eyjum verið áberandi í umræðunni. Þá hefur einnig verið tekist á um stjórnsýslu og forgangsröðun verkefna á komandi kjörtímabili.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla stendur yfir

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitarstjórnarkosninganna fer fram hjá embætti sýslumanns að Heiðarvegi 15.

Opið verður í dag, uppstigningardag, fimmtudaginn 14. maí, frá klukkan 10:00 til 12:00. Á morgun, föstudaginn 15. maí: kl. 9:15 - 17:00 og á kjördag sjálfan, laugardaginn 16. maí, verður hægt að kjósa utan kjörfundar frá klukkan 10:00 til 14:00.

Einnig verður utankjörfundaratkvæðagreiðsla á stofnunum í



Oddvitar framboðslistanna þriggja, Eyþór Harðardóttir D-lista, Arndís Kjartansdóttir E-lista og Jón Þór Guðjónsson M-lista.

bænum. Kosið verður á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á morgun föstudaginn 15. maí klukkan 11:00.

Kosið í Barnaskólanum

Kjörstaður í Vestmannaeyjum verður í Barnaskólanum og verða inngangar um norður- og suðurdyr. Aðgengi fyrir fatlaða verður um

norðurdyr.

Kjörfundur hefst klukkan 9:00 á laugardagsmorgni og stendur til klukkan 22:00 um kvöldið. Að honum loknum hefst talning atkvæða í sal Barnaskólans.

Bænum verður skipt í tvær kjördeildir. Í 1. kjördeild kjósa þeir sem voru með lögheimili við Ásavveg til og með Hásteinsvegi þann

8. apríl síðastliðinn, auk óstaðsettra í hús og þeirra sem búa erlendis en njóta kosningaréttar á Íslandi.

Í 2. kjördeild kjósa þeir sem voru með lögheimili við Hátún til og með Ægisgötu, auk þeirra sem búa í húsum sem bera bæjarnöfn.

Kjösendum er bent á að hafa persónuskilríki meðferðis á kjörstað.

Eyjafréttir verða umhverfisvænni

Frá og með júlí mun blað Eyjafréttanna eingöngu koma út í rafrænu formi og geta áskrifendur nálgast það á vef Eyjafréttanna, eyjafrettir.is. Framvegis verða aðeins prentuð 3–4 sérblöð á ári sem borin verða út til áskrifenda.

Breytingin er liður í því að gera rekstur miðilsins umhverfisvænni og mæta um leið breyttum lestrarvenjum. Á undanförunum misserum hefur lestur fréttanna á vef Eyjafréttanna aukist verulega og telja heimsóknir nú annan

tug þúsunda að meðaltali á degi hverjum.

Með öflugri vefmiðlun geta Eyjafréttir brugðist hraðar við fréttum og flutt lesendum fjölbreyttara efni, hvort sem um ræðir fréttir, íþróttir, mannlíf eða myndbönd úr Eyjum.

Áskrift að Eyjafréttum kostar einungis 1.300 krónur á mánuði og með henni geta lesendur stutt við öfluga og sjálfstæða fréttamennsku í heimabyggð.

Áskrifendum sem enn hafa ekki

virkað aðgang sinn á vefsíðu Eyjafréttanna er bent á að hafa samband í gegnum tölvupóst á frettir@eyjafrettir.is eða í síma 896-4788 til að virkja áskriftina. Hægt er að gerast áskrifandi á vef Eyjafréttanna – slóðin er <https://eyjafrettir.is/askriftin/>

Prentuðum útgáfum af Eyjafréttum mun fækka niður í þrjú til fjögur sérblöð á ári



Eftirprentun, hjóðritun, notkun ljósmynda og annað er óheimilt nema heimilda sé getið.

Útgefandi: Eyjasýn ehf. - kt. 480278-0549
Ægisgötu 2 - 900 Vestmannaeyjum.

Ritstjórn og ábyrgð:

Ómar Garðarsson - omar@eyjafrettir.is
Tryggvi Már Sæmundsson - tryggvi@eyjafrettir.is.

Aðstoðarritstjóri: Annika Vignisdóttir.

Íþróttir: Kristín Erna Sigurlásdóttir og Tryggvi Guðmundsson.

Umbrot: Sæþór Víðó - sathor@vido.is

Ljósmyndir: Óskar Pétur og blaðamenn.

Prentun: Stafræna Prentsmiðjan ehf.

Netfang: frettir@eyjafrettir.is.

Auglýsingar: auglysingar@eyjafrettir.is

Veffang: www.eyjafrettir.is

EYJAFRÉTTIR er áskriftarblað.

AUGLÝSING UM KJÖRSTAÐ Í VESTMANNAEYJUM



Kjörstaður í Vestmannaeyjum við sveitarstjórnarkosningar 16. maí 2026 verður í Barnaskólanum, inngangar eru um norður- og suðurdyr.

Aðgengi fyrir fatlaða er um norðurdyr.
Kjörfundur hefst kl. 9:00 árdegis og lýkur kl. 22:00 að kveldi sama dags.

Bænum verður skipt þannig í tvær kjördeildir:

Í **1. kjördeild** kjósa þeir, sem skráðir voru með lögheimili 8. apríl 2026 við Ásaveg til og með Hásteinsvegi auk þeirra, sem eru óstaðsettir í hús og þeirra sem búa erlendis og njóta kosningaréttar á Íslandi.

Í **2. kjördeild** kjósa þeir, sem skráðir voru með lögheimili 8. apríl 2026 við Hátún til og með Ægisdötu, auk þeirra, sem búa í húsum er bera bæjarnöfn.

Kjósandi sem ekki hefur meðferðis persónuskírteini getur átt von á því að fá ekki að greiða atkvæði.

Aðsetur Yfirkjörstjórnar á kjördag verður á kjörstað í Barnaskólanum. Talning atkvæða verður í sal Barnaskólans og hefst talning að loknum kjörfundi kl. 22:00.

Vestmannaeyjum, 4. maí 2026
Yfirkjörstjórn Vestmannaeyjabæjar

Jóhann Pétursson, formaður
Ólafur Elísson Þór
Ísfeld Vilhjálmsson

Takk fyrir samstöðuna elsku Eyjamenn

Samgöngumál lengi verið eitt stærsta hagsmunamál íbúa hér í Eyjum og hafa þau sjaldan verið eins slæm og á síðustu misserum. Fáir hafa þó látið rödd sína heyrast jafn skýrt og Þórunn Pálsdóttir, sem að undanfögnu hefur verið ötul í umræðunni um bættar samgöngur milli lands og Eyja.

Þórunn hefur vakið athygli fyrir beitta pistla sína og óþreytandi baráttu fyrir úrbótum í samgöngumálum. Hún hefur ekki aðeins gagnrýnt stöðuna heldur einnig kallað eftir aðgerðum og auknum þrýstingi á stjórnvöld.

Þórunn Pálsdóttir er Eyjamaður mánaðarins að þessu sinni.

Fjölskylduhagir? Gift Stefáni Jónssyni og eigum við 2 drengi, Aron 19 ára og Kára 13 ára.

Hefur þú búið annars staðar en í Eyjum? Árið 1998 fluttum við frá Eyjum og bjuggum fyrst í vesturbæ Reykjavíkur. Árið 2003 fluttum við í Salahverfið í Kópavogi og bjuggum þar þangað til að við komum aftur heim til Eyja árið 2023.

Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi? Vakna á morgnanna og hleypi kjúklingunum mínum út, bíð spennit þessa dagana að heyra hvort þeir gala eða ekki því ég veit ekki hvort þetta eru hænur eða hanar. Fer síðan í vinnuna en



Þórunn Pálsdóttir hefur beitt sér af krafti fyrir bættum samgöngum.

ég starfa á heilsugæslunni með frábæru samstarfsfólki. Síðan er það bara allt þetta venjulega eftir vinnudaginn, heimilisstörf, búiðin og elda ofan í úlfana tvo sem heimta öll kvöld próteinríkan mat. **Aðaláhugamál?** Kjúklingarnir mínir, horfi nánast á allar ípróttir sem í boði eru (maðurinn minn skilur ekkert í mér), lesa, púsla og þrjóna. **Eitthvað sem þú gerir á hverjum degi sem þú gætir ekki verið án?** Hugsu um kjúklingana.

Hvað er velgengi fyrir þér? Að fjölskyldunni minni líði vel og eyða tíma með henni.

Síðasta hámhörfið? Ípróttir.

Uppáhalds hlaðvarp? Hlusta mjög lítið á hlaðvörp en hlustaði um daginn á Þeyjapúlsinn sem ég stefni á að fara að gera meira af á næstu dögum.

Hvað væri það fyrsta sem þyrfti að gerast í átt að bættum samgöngum milli lands og Eyja? Halda Landeyjahöfn opinni og til þess að það verði að veruleika þá þarf að laga

höfnina þannig að það sé hægt að sigla þangað allt árið um kring.

Hvað telur þú vera mestu skerðinguna á lífsgæðum fólks vegna samgönguvandans? Ég hef mestar áhyggjur af þeim sem þurfa að sækja sér lækniþjónustu upp á land. Síðan eru það börnin okkar sem stunda tómstundir og þurfa að ferðast oft milli lands og eyja.

Telur þú bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum beita nægilegum þrýstingi á stjórnvöld vegna samgöngumála? Já, ég tel svo vera en held að það sé mikilvægt að við bæjarbúar þrýstum líka á að eitthvað sé gert.

Mottó? Hugsu vel um náungann og safna karmastigum. Ef eitthvað þarf að gera þá er mikilvægt að gera það helst í gær.

Hvernig sérðu framtíðina í samgöngumálum Vestmannaeyja?

Að Landeyjahöfn sé opin allt árið um kring þannig að þessi óvissa sé ekki í samgöngumálum okkar Eyjamanna. Mér finnst líka mikilvægt að það sé í boði flug allt árið um kring fyrir þá sem eiga t.d. erfitt með að ferðast með Herjólfri vegna aðgerða eða veikinda. Við erum líka með fjölmörg fyrirtæki/stofnanir hér sem ég tel að myndu nýta mikið flugsamgöngur. Að lokum eru það jarðgöngin sem verða vonandi að veruleika eftir einhver ár.

Eitthvað að lokum? Takk fyrir samstöðuna elsku Eyjamenn og höldum áfram að þrýsta á yfirvöld að laga Landeyjahöfn og halda henni þannig opinni allt árið um kring.

Verkefnastaðan hefur aldrei verið betri



TRYGGVI MÁR SÆMUNDSSON
tryggvi@eyjafrettir.is

Staða Þekkingarseturs Vestmannaeyja er sterk um þessar mundir að sögn Harðar Baldvinssonar, framkvæmdastjóra setursins. Hann segir bæði fjárhag og verkefnastaðu hafa tekið miklum framförum á undanföllum árum og sér fram á áframhaldandi vöxt í starfseminni.

„Staða Þekkingarsetursins er mjög sterk. Fjárhagsstaðan er mjög sterk og verkefnastaðan hefur aldrei verið betri,“ segir Hörður í samtali við Eyjafréttir.

Aukið samstarf og fleiri rannsóknir

Að sögn Harðar voru áherslur á nýafstöðnum aðalfundi meðal annars áframhaldandi uppbygging rannsókna og aukið aðgengi



Hörður Baldvinsson, framkvæmdastjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja.

Vestmannaeyinga að háskólanámi í fjarnámi.

„Við viljum gefa Vestmannaeyingum betri aðgang að háskólanámi með aukinni samvinnu við menntastofnanir eins og Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri. Einnig er ætlunin að treysta og auka samvinnu við nýsköpun og frumkvöðla,“ segir hann.

Aðspurður um fyrirhugaða sölu húsnæðisins við Ægisgötu 2, þar sem Þekkingarsetrið hefur verið til húsa um árabil, segir Hörður það skiljanlegt skref af hálfu eigenda húsnæðisins.

„Það er mjög skiljanlegt að leigusali okkar hyggist selja húsnæðið við Ægisgötu 2 og við gerum ráð fyrir því að ef það verður selt verði tryggt að öll þau frábæru fyrirtæki sem eru með starfsemi þar geti leigt sitt rými áfram.“

Hann segir að framtíðarhúsnæðismál Þekkingarsetursins hafi ekki verið rædd sérstaklega á þessu stigi.

Starfsemin eigi eftir að margfaldast

Þegar Hörður er spurður hvaða rannsóknir séu mest spennandi þessa stundina nefnir hann meðal annars fyrirhugaðar bergmálmælingar í sumar, auk botnrannsóknna við Vík í Mýrdal og vegna fyrir-

hugaðra Eyjaganga.

„Það eru alltaf þær rannsóknir sem við erum að vinna að akkúrat núna sem eru mest spennandi,“ segir hann.

Hörður segir framtíðarhorfur Þekkingarsetursins bjartar og telur að starfsemin eigi eftir að vaxa hratt á næstu árum.

„Setrið hefur verið að vaxa á hverju ári undanfarin ár og ég tel að starfsemin muni margfaldast á næstu árum. Fyrirtæki og stofnanir vilja starfa með okkur. ÞSV er orðið þekkt stofnun og vitað er að starfsemin er til fyrirmyndar.“

Að lokum segir Hörður mikilvægt að efla samvinnu innan samfélagsins til að styrkja starfsemi setursins enn frekar.

„Það sem þarf að gerast til að styrkja starfsemina er betri samvinna inn á við, milli einstaklinga, fyrirtækja og Vestmannaeyjabæjar um þau tækifæri sem eru til staðar í heimabyggð.“

Kolmunni og humar gefa tilefni til bjartsýni

Bæði kolmunnaveiðar og könnunarveiðar á humri hafa gengið vel hjá útgerðarfyrirtækjunum í Eyjum á síðustu vikum. Kolmunnaveiðum Ísfélagsins og Vinnslustöðvarinnar er nú lokið eftir góðan afla og á sama tíma hafa könnunarveiðar á humri farið fram úr björtustu væntingum hjá Drangavík VE.

Um 19 þúsund tonn af kolmunna til Eyja

Eftir ágæta loðnuvertíð var kvótastaða Ísfélagsins í kolmunna um 8.000 tonn. Að sögn Eypórs Harðarsonar, útgerðarstjóra Ísfélagsins, var ákveðið að klára veiðarnar strax í apríl þar sem samningur við Færeyjar rennur út síðar í sumar.

„Það gekk vel og veiddu Sigurður og Heimaey um 4.000 tonn hvor í tveimur veiðiferðum í færæysku lögsögunni,“ segir Eypór.

Kolmunnaveiðum skipa Ísfélagsins er því lokið á þessu ári. Allur aflinn kom til vinnslu í Vestmannaeyjum þar sem hann var bræddur í fiskimjölsverksmiðju félagsins, FES.

Hjá Vinnslustöðinni gekk vertíð-



Humarvinnsla í Vinnslustöðinni. Myndin er tekin árið 2008. Ljósmynd/Óskar Pétur Friðriksson.

in sömuleiðis vel. Að sögn Sindra Viðarssonar, sviðsstjóra upp-sjávarsviðs Vinnslustöðvarinnar, veiddu skip fyrirtækisins um 11 þúsund tonn af kolmunna.

„Þetta gekk allt mjög vel, bæði veiðar og vinnsla. Við tókum þrjá túra á hvert skip,“ segir Sindri. Vinnslustöðin lauk löndun og bræðslu í síðustu viku.

Humarinn réttir úr kútnum

Á sama tíma standa yfir könnunarveiðar á humri sem framkvæmdar eru af Vinnslustöðinni og Skinney – Þinganesi í samstarfi við Hafrannsóknastofnun.

Verkefnið er liður í því að afla betri upplýsinga um stöðu humarstofnsins eftir erfið ár, en

humarveiðar voru stöðvaðar árið 2022 vegna langvarandi nýliðunarbrests.

Drangavík VE hefur síðustu daga verið við könnunarveiðar í Skeiðarárdýpi og samkvæmt upplýsingum frá Vinnslustöðinni hefur aflinn verið langt umfram væntingar.

Kjartan Guðmundsson, skipstjóri á Drangavík, sagði í samtali við vef Vinnslustöðvarinnar að skipið hefði fengið góðan humarafla víða um svæðið.

„Þetta er allt smár humar og greinilega mikil breyting að eiga sér stað,“ sagði Kjartan, en þegar þar var komið sögu voru kominn um 40 kór af humri um borð í skipinu.

Hafrannsóknastofnun hefur lagt áherslu á að könnunarveiðarnar séu mikilvægar til að staðfesta niðurstöður mælinga sem sýna aukna nýliðun og meiri þéttleika humars við suðurströndina.

Veiðarnar eiga að gefa raunhæfari mynd af stöðu stofnsins með hefðbundnum veiðarfærum og aflabrogðum, áður en teknar verða ákvarðanir um framhald humarveiða við Ísland.

Eyþór Harðarson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum

Reynslan mun veða þungt í hagsmunabaráttunni

Eyþór Harðarson, útgerðarstjóri Ísfélagsins, er oddviti framboðs Sjálfstæðisflokksins. Eyþór, sem er 62 ára, er giftur Laufeyju Grétarsdóttur og eiga þau tvö uppkomin börn og níu barnabörn. Hann er menntaður rafmagnstæknifræðingur frá Þýskaland og hefur áratuga reynslu úr atvinnulífi en einnig talsverða reynslu úr bæjarmálum, þar sem hann hefur verið viðloðandi þau síðastliðin átta ár. Eyþór var varabæjarfulltrúi og sat í umhverfis og skipulagsráði árin 2018-2022. Hann var kjörinn oddviti Sjálfstæðismanna í prófkjöri fyrir kosningarnar 2022 og hefur leitt starf þeirra í minnihluta á því kjörtímabili sem nú er að ljúka og setið í bæjarráði allt kjörtímabilið.

Eyþór er fylginn sér og vanur að þurfa að taka stórar ákvarðanir í starfi sínu gegnum árin. Hann segist sjálfur lýsa sér sem raunsæjum, lausnamiðaðum og ábyrgum einstaklingi. Hann sé vanur að vinna við krefjandi aðstæður og gefst seint upp fyrir en verkefni eru kláruð með góðum árangri.

Reynslan mikilvæg

Eyþór segist telja að áratuga reynsla hans úr atvinnulífnum nýtist vel í stafi sseitarstjórnar. „Sú reynsla sem ég hef öðlast á síðustu tveimur kjörtímabilum, fyrst sem varabæjarfulltrúi, með setu í fagráði og síðar sem bæjarfulltrúi og fjórurra ára setu í bæjarráði mun nýtast vel í þeim verkefnum sem framundan eru. Mig langar að leggja mitt af mörkum til að tryggja skynsama nýtingu fjármuna, við uppbyggingu sterkra innviða fyrir samfélagið. Ákvarðanir þurfa að vera teknar af ábyrgð og yfirvegun, með hagsmunum bæjarbúa að leiðarljósi.“

Vatnslögnin gríðarlegt hagsmunamál fyrir Eyjar

Eyþór hefur setið í svokölluðum vatnshóp sem hefur undirbúið kaup og lagningu á neðansjávartatnslögn NSL4 sem lögð verður í sumar. „Þessi vinna við undirbúning vatnslagnarinnar hefur tekið mikinn tíma enda er það gríðarlega mikilvægt öryggismál fyrir okkur Eyjamenn að fá aðra vatnslögn. Þetta er almannavarnarmál því að ef við höfum ekki vatn ríkir hér algjört neyðarástand. Þessi vinna hefur því ekki einungis snúist um það að fá lögn-



Eyþór oddviti Sjálfstæðismanna í komandi kosningum.

ina heldur einnig um fjármögnun hennar. Við höfum lagt áherslu á að ríkið eigi að bera kostnað við lagninu þessarar nýju leiðslu því að hún sé almannavarnamál, líkt og snjóflóðavarnargarðar, hraunvarnargarðar og annað sem snýr að því að tryggja öryggi byggðar. Við erum og höfum verið í mikilvægu samtali við ríkið varðandi þetta því að það skiptir bæjarstjóð, og þar með okkur öll íbúa í Eyjum, miklu að farsæl niðurstaða náist í því samtali.“

Fólk ruglar saman nýrri vatnslögn og tjóni á þeirri gömlu

„Þegar NSL4, sem er þessi nýja vatnslögn, hefur verið lögð, þá tekur við viðgerð á NSL3, gömlu vatnslögninni, sem tjónaðist fyrir nokkru. Það mál enn í dómskerfinu, sem mun kveða upp úr með það hver kemur til með að bera kostnaðinn af þeirri viðgerð. Bæði þessi mál eru gríðarlega stór mál efnahagslega fyrir bæjarsjóð og þarft að fólk átti sig á umfangi og mikilvægi þessara mála fyrir okkur öll.“

Því miður virðast mér sem að sumir hreinlega átti sig ekki á eða skilji mikilvægi þessara mála og hvernig þau liggja. Fram hefur komið að fólk, sem mér finnst að ætti að vita betur eða kynna sér málin betur, hefur jefnvel verið að rugla saman kostnaði við nýja vatnslögn og tjóni á núverandi leiðslu. Mér finnst ekki traustvekjandi að hlusta á slíkan málflutning í þessu mikilvæga hagsmunamáli okkar.“

að atvinnulífið hér sé öflugt. Það er undirstaða blómlegrar byggðar og mannlífs hér í Eyjum. Sem betur fer hafa alltaf verið hér framsýnir og kröftugir aðilar sem hugsað hafa stor og til framtíðar og það er okkar verkefni að standa við bakið á því fólk.“

Þurfum lausnir og aðgerðir í samgöngumálum

Samgöngur hafa verið, eru og verða eitt allra stærsta hagsmunamáli Eyjamanna, segir Eyþór. „Við þurfum varanlega lausn fyrir Landeyjahöfn og ég ber þá von í brjósti að niðurstöður rannsókna sem væntanlegar eru á næstu vikum, leiði fram þá lausn. Við getum ekki sætt okkur við eða búið við óbreytt ástand og munum þrýsta fast á um lausnir sem duga.“

Leggja þarf ríka áherslu á tryggingu áframhaldandi rekstur Herjólfss í heimabyggð, því að það hefur reynst okkur vel, og það þarf að þrýsta á að smíði nýrrar ferju komist á teikniborðið sem fyrst.

Flugsamgöngur þarf að efla verulega, meðan að Landeyjahöfn virkar ekki betur en raunin er. Því munum við leggja mikla áherslu á fleiri flugferðir yfir lengri tímabil en hingað til hefur verið.

Þá verður spennandi að sjá niðurstöður rannsókna félagsins Eyjaganga, sem stofnað var síðastliðinn vetur varðandi möguleikann á gerð jarðganga milli lands og Eyja. Vonandi skila þær rannsóknir jákvæðum niðurstöðum, þannig að göng verði framtíðarlausn í samgöngum, en þær niðurstöður, þó að jákvæðar verði, leysa samt ekki þann samgönguvanda sem við stöndum frammi fyrir í dag og þurfum bráða lausn á,“ segir Eyþór.

Fleiri leikskólapláss og bætt þjónusta við eldra fólk

Að sögn Eyþórs setur Sjálfstæðisflokkurinn fjölkskylduna í forgang, með því að leitast við að bæta þjónustu við fólk á öllum aldri.

„Við munum fjölga leikskólaplássum með byggingu nýs leikskóla, efla stoðþjónustu í skólum og leggja aukna áherslu á snemmtæka íhlutun samhliða því að bæta kerfin okkar með samráði við hagaðila. Við leggjum mikla áherslu á að ríkið styrki grunnheilbrigðisþjónustu í Eyjum, þannig að íbúar fái þá þjónustu

Aukin þjónusta en álögur í lágmarki

Eyþór segir að nú eins og áður leggi Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á ábyrgan rekstur, hófleg gjöld og sterka hagsmunagæslu gagnvart ríkinu. Nægt framboð lóða, bætt þjónustu við fjölkskyldur og öflugt íþrótt- og tómstundastarf, svo eitthvað sé nefnt. „Við leggjum áherslu á ábyrgan rekstur bæjarfélagsins og við ætlum að halda álögum á íbúa og fyrirtæki í lágmarki. Við teljum okkur geta bætt þjónustu bæjarfélagsins án þess að auka álögur á íbúa og fyrirtæki.“

Það þarf að tryggja nægt framboð lóða og hefja uppbyggingu nýrra hverfa. Það ætlum við að gera m.a. með því að hefja uppbyggingu við Löngulág. Markmið okkar er að skapa fjölbreytt búsetuform og bæta aðgengi ungs fólks að húsnæði. Við þurfum að skapa umhverfi þar sem ungt fólk sér eftirsóknarverða og raunhæfa framtíð í Eyjum,“ segir hann.

Velsæld byggist á kröftugu atvinnulífi

Eyþór leggur áherslu á að standa við bakið á hefðbundnum atvinnugreinum eins og sjávarútveg og ferðaþjónustu, en jafnframt styðja við nýsköpun og fjölbreyttari atvinnu. Hann segir stöðugleiki í grunnatvinnugreinunum vera lykilatriði en jafnframt þurfi að skapa grundvöll og tækifæri fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki til að vaxa og dafna.

„Öll okkar velsæld byggist á því

sem þeir þurfa, þegar þeir þurfa á henni að halda.

Okkar markmið er að bæta þjónustu við eldri borgara og fatlað fólk, efla íþrótt- og tómstundastarf og tryggja að allir hafi raunveruleg tækifæri til þátttöku í samfélaginu.

Íþrótt, æskulýðs og menningarstarf er mikilvægur þáttur í að efla samfélagið og munum við að sjálfsögðu styðja vel við það starf.”

Vestmannaeyjar eru besti staður veraldar

Eyþór segir framtíð Eyjanna bjarta og mikilvægt sé að hafa í jafnvægi milli hefðbundinna atvinnugreina og nýsköpunar. Skapa þurfi umhverfi fyrir fjölbreyttari störf sem geri Vestmannaeyjar að enn samkeppnishæfari búsetu-kosti.

„Sterkt samfélag er okkar helsti styrkur, hér stendur fólk saman og byggir upp gott mannlíf. Með ábyrgum rekstri, sterkum innviðum og markvissri hagsmunagæslu getum við tryggt áframhaldandi vöxt og lífsgæði. Við viljum hafa öflugt samfélag með framúrskarandi skólum, íþróttastarfi og fjölbreyttri menningu. Það getum við vel því að svo sannarlega höfum við mannaúðinn til þess hér í Eyjum.

Vestmannaeyjar eru í mínum huga besti staður veraldar til búsetu fyrir alla aldurshópa og ég ætla að leggja mig allan fram um að enn fleiri verði á næstu árum sammála þeirri skoðun minni.“

Við erum sterkari saman

Sjálftæðismenn ganga bjartsynir til kosninga, að sögn Eyþórs, og vona að kjósendur í Eyjum treysti þeim til að leiða stjórn bæjarfélagsins á komandi kjörtímabili

„Framboðslistinn okkar er skipaður öflugum hópi fólks sem valin var af kjósendum hér í fjölmennu prófkjöri. Hann erskipaður fólki með víðtæka reynslu úr atvinnulífi og bæjarmálum, ásamt nýju fólki sem kemur inn með ferska sýn og nýjar hugmyndir. Við erum breiðfylking sem byggir á skýrri stefnu um ábyrgan rekstur og höfum metnað til að tryggja öfluga og bjarta framtíð Vestmannaeyja.

Við bjóðum fram öflugt bæjarstjórnun, sem hefur reynslu og þekkingu á málefnum bæjarins, sem að ég tel mjög mikilvægt miðað við þau stóru mál sem eru í vinnslu og eg hef áður nefnt.

Ég tel að þessum hópi okkar sé best treystandi til þess að ljúka þeim fjölmörgu og stóru verkefnum sem framundan eru. Við erum sannarlega tilbúin að vinna með Eyjamönnum og fyrir Vestmannaeyjar að þeim verkefnum. Setjum X við D á laugardaginn því að við erum alltaf sterkari saman.“

Ekkert gert í átta ár í Landeyjahöfn en nú er hlaupið til



SIGURÐUR ÁSS GRÉTARSSON
fyrirverandi framkvæmdarstjóri siglingasviðs hjá Vegagerðinni

Það furða sig kannski sumir á því hvers vegna ég skuli enn einu sinni skrifa um Landeyjahöfn. Þó hún sé ekki barnið mitt þá ól ég hana upp og því rennur mér blóðið til skyldunnar þegar mér finnst henni ekki sinnt sem skyldi.

Síðustu átta ár hefur lítið verið gert til að bæta aðstæður til dýpkunar í höfninni. Enn er dýpkað með sama hætti og gert var fyrir gamla Herjólf. Fyrir sjö árum var hætt við framkvæmdir sem áttu að tryggja að hægt væri að dýpka hafnarmynnið frá garðsendum. Þá varaði ég við því að sú staða gæti komið upp sem Vestmannaeyingar hafa nú upplifað frá áramótum: að tímabil komi þegar ekki sé hægt að dýpka höfnina.

Vandamálið er ekki höfnin sjálf heldur dýpkunin og hvernig staðið er að henni. Með aðstöðu á garðsendum hefði verið hægt að dæla sandi úr hafnarmynninu í veðrum þar sem dýpkunarskip geta ekki athafnað sig.

Við hönnun Landeyjahafnar var lögð áhersla á að hún hefði sem minnst áhrif á náttúruna. Ströndin, rifid og állinn áttu að haldast sem mest óbreytt og reiknilíkön sýndu að dýpið fyrir utan höfnina myndi að mestu halda sér án mikillar dýpkunar. Það hefur gengið eftir.

Náttúran hefur náð jafnvægi á ný

Ströndin er að mestu óbreytt og dýpið fyrir utan höfnina er nú svipað og það var áður en höfnin var byggð. Þótt tugir milljóna rúmmetra af sandi hafi farið framhjá hafnarmynninu og milljónir rúmmetra verið dýpkaðar

síðan höfnin opnaði hefur náttúran náð jafnvægi á ný.

Dýptarmælingar frá 2005 og 2025 sýna að aðstæður fyrir utan höfnina eru mjög líkar. Rifid, állinn og strandlínan eru á svipuðum slóðum og áður. Þetta sýnir að Landeyjahöfn virkar eins og hún var hugsuð – hún vinnur með náttúrunni í stað þess að berjast gegn henni.

Dælubúnaður á garðsendum

Hvað er þá vandamálið?

Það er hafnarmynnið sjálft og stundum dýpið innan hafnar og á rifinu. Í hafnarmynninu myndast skjól þar sem sandur safnast fyrir, líkt og snjór í skafli, og lokar höfninni.

Í upphafi var gert ráð fyrir að dýpkunarskip myndu sjá um þetta verkefni. Reynslan hefur hins vegar sýnt að þau eiga erfitt með að vinna í hafnarmynninu vegna öldu, strauma og vinds. Ef sandur nær að loka mynni hafnarinnar er oft aðeins hægt að dýpka í blíðviðri. Á veturna geta slæm veður staðið vikum saman og þá stöðvast dýpkunin.

Til að leysa þetta var árið 2018 ákveðið að koma upp aðstöðu fyrir krana á garðsendum. Hugmyndin var að krani hífði út sanddælu sem gæti dælt sandi úr hafnarmynninu. Með þeirri lausn hefði verið hægt að dýpka í mun verri veðrum en dýpkunarskip ráða við og glugginn til dýpkunar yfir veturinn hefði margfaldast.

Þessi búnaður er tiltölulega ódýr miðað við kostnaðinn við að hafa dýpkunarskip stöðugt til taks. Þá væri einnig hægt að hafa varabúnað ef eitthvað bilar. Með þessu hefði sjaldan liðið meira en fjórir dagar milli dýpkana í stað fjögurra vikna. Sandsöfnun hefði því sjaldan náð að loka höfninni nema í undantekningartilfellum.

Auðvitað er best að nota

öflugt dýpkunarskip þegar aðstæður leyfa. En dýpkun frá garðsendum átti að vera mikilvægt varaúrræði þegar ekki væri hægt að vinna frá sjó eða ef skipið bilaði.

Árið 2018 var samið við verktafa um að byggja þessa aðstöðu og framkvæmdir hófust sama ár. Í júní 2019, þegar verið var vel á veg komið, ákvað forstjóri Vegagerðarinnar að stöðva það, meðal annars vegna þrýstings frá meirihluta bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Þar fóru um 600 milljónir króna í súginn og um leið annað úrræði til að halda höfninni opinni.

Ekkert gerst síðustu átta árin

Síðustu átta ár hefur því ekkert verið gert til að bæta dýpkunina við Landeyjahöfn heldur þvert á móti dregið úr möguleikum til úrbóta. Stjórnvöld virðast hafa haft lítinn áhuga á að fylgja verkefninu eftir.

Nú, rétt fyrir kosningar, er gripið til þess ráðs að láta erlenda sérfræðinga ljúka álit á því hvað skuli gera, vinna sem hófst fyrir meira en tveimur árum síðan.

Búið er að tryggja öflugt dýpkunarskip næsta vetur sem mun kosta um þrjár milljónir króna á dag, hvort sem það getur unnið eða ekki. En hvað á að gera ef aftur koma langvarandi veður sem koma í veg fyrir dýpkun? Hvernig á þá að halda höfninni opinni? Við skulum vona að slík veður komi ekki, en við vitum að þau koma reglulega með nokkurra ára millibili.

Landeyjahöfn er fullbyggð og virkar eins og hún var hugsuð. Vandamálið liggur í dýpkuninni og þeim aðferðum sem notaðar eru. Það er hægt að bæta þær – en þá þurfa þeir sem stjórna verkefninu að vilja leysa vandann í stað þess að standa gegn því, eins og raunin hefur verið síðustu átta ár.

Jóhann Ingi skipar þriðja sætið á lista Miðflokksins

Styrkja þarf grunnstoðir samfélagsins og bæta lífsgæði íbúa

≡ Atvinnulíf og efnahagur eru grunnurinn að öfluggu samfélagi

Jóhann Ingi Óskarsson skipar þriðja sæti á lista Miðflokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar í Vestmannaeyjum. Hann segir atvinnulíf, húsnæðismál og samgöngur meðal mikilvægustu verkefna næstu ára og telur að styrkja þurfi grunnstoðir samfélagsins til að bæta lífsgæði íbúa.

Jóhann Ingi er 29 ára fjölskyldumaður, giftur Þóreyju Helgu Hallgrímsdóttur og eiga þau tvær dætur, Ísold og Bríet. „Ég hef alla tíð haft sterka tengingu við Vestmannaeyjar og mikinn áhuga á uppbyggingu samfélagsins. Ég tel að við eigum að gera enn betur bæði fyrir þá sem hér búa í dag og komandi kynslóðir,“ segir Jóhann Ingi í viðtali við Eyjafréttir.

Skýrari sýn og meiri ábyrgð

Aðspurður af hverju hann bjóði sig fram fyrir Miðflokkinn segir Jóhann Ingi að hann telji þörf á markvissari stjórnun og skýrari framtíðarsýn í bæjarmálum.

„Ég býð mig fram vegna þess að ég tel að við þurfum skýrari sýn, meiri ábyrgð og markvissari framkvæmd í bæjarmálum. Það eru fjölmörg verkefni sem hafa setið á hakanum of lengi og við höfum ekki alltaf nýtt þau tækifæri sem eru til staðar.“

Hann segir nálgun Miðflokksins höfða til sín.

„Mér hugnast sú nálgun að byggja á skynsemi, ábyrgum fjármálum og langtímahugsun. Við viljum forgangsraða rétt, nýta fjármagn vel og vanda til verka í öllum framkvæmdum. Það skiptir máli að ákvarðanir í dag standist kröfur morgundagsins fyrir íbúa, fjölskyldur og atvinnulíf.“

Húsnæðismál í lykilhlutverki

Jóhann Ingi segir húsnæðismál eitt stærsta verkefnið fram undan.

„Við þurfum að tryggja auk-
ið framboð íbúða og raunhæft aðgengi fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur.“

Hann telur að hraða þurfi skipulagsvinnu og úthlutun lóða.

„Það þarf að skipuleggja og úthluta lóðum með skýrari hætti, hraða uppbyggingu nýrra hverfa og tryggja að kerfið vinni með



Jóhann Ingi og Þórey Helga og dæturnar Ísold og Bríet.

fólki en ekki gegn því. Án aðgengilegs húsnæðis verður erfitt að laða að nýja íbúa og halda í þá sem hér búa.“

Sjávarútvegurinn áfram burðarásinn

Að mati Jóhanns Inga er atvinnulífið grunnurinn að sterku samfélagi.

„Sjávarútvegurinn er okkar burðarás og mikilvægt að styðja áfram við hann, en á sama tíma þurfum við að skapa skilyrði fyrir nýsköpun og fjölbreyttari atvinnu.“

Hann segir mikilvægt að styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki og efla samstarf við atvinnurekendur.

„Með því að efla samstarf við atvinnurekendur og styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki getum við byggt upp stöðugra og fjölbreyttara atvinnulíf.“

Ferðaþjónustan sé einnig stórt tækifæri fyrir samfélagið. „Ferðaþjónustan þarf að vaxa og dafna en tækifærin þar eru óþrjótandi.“

Samgöngur eru ekki lúxus

Samgöngur eru meðal þeirra mála sem Jóhann Ingi leggur mesta áherslu á.

„Það þarf að tryggja áreiðanlegar, hagkvæmar og tíðar samgöngur, bæði með Herjólfri og

í flugi.“

Hann segir mikilvægt að halda áfram baráttunni fyrir úrbótum í Landeyjahöfn.

„Við verðum að halda áfram að berjast fyrir úrbótum í Landeyjahöfn og tryggja að samgöngur styðji við daglegt líf íbúa og atvinnulíf. Samgöngur eru ekki lúxus heldur grunnforsenda búsetu.“

Efla þjónustu og lífsgæði

Jóhann Ingi segir öfluga þjónustu skipta sköpum fyrir fjölskyldur og samfélagið í heild.

„Við viljum tryggja öflugt skóla- og leikskólakerfi sem styður við fjölskyldur, bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu og efla velferðarþjónustu.“

Hann leggur einnig áherslu á þjónustu við fatlað fólk og aðra sem standa höllum fæti.

„Við verðum að tryggja góða og lögbundna þjónustu við einstaklinga með fötlun og þá sem standa höllum fæti í samfélaginu. Þá þarf að tryggja að eldri borgarar geti notið efri árána með sóma og sæmd.“

Framtíðin björt með réttum ákvörðunum

Aðspurður hvernig hann sjái framtíð Vestmannaeyja segir Jó-

hann Ingi að tækifærin séu mikil ef rétt sé haldið á málum.

„Framtíð Vestmannaeyja er björt ef við nýtum þau tækifæri sem eru til staðar og tökum réttar ákvarðanir í dag.“

Hann telur mikilvægt að byggja áfram á sterkustu stoðum samfélagsins.

„Við þurfum að byggja á okkar sterkustu stoðum, eins og sjávarútvegi, en á sama tíma nýta betur tækni og nýsköpun til að skapa ný tækifæri.“

Jafnframt bendir hann á að Vestmannaeyjar standi frammi fyrir samkeppni um fólk og fyrirtæki.

„Við þurfum að gera Eyjar að samkeppnishæfum búsetukosti með sterkum innviðum, góðri þjónustu og raunhæfum tækifærum til atvinnu og uppbyggingar.“

Vanda skipulag til framtíðar

Skipulagsmál og uppbygging skipta að hans mati lykilmáli.

„Við þurfum skýra framtíðarsýn um hvernig við byggjum bæinn upp, bæði hvað varðar íbúðarhúsnæði, atvinnusvæði og innviði.“

Hann segir mikilvægt að tryggja nægt framboð lóða og vanda skipulagsvinnu.

„Það þarf að tryggja nægt framboð lóða, vernda mikilvægt atvinnuhúsnæði og vanda til skipulags þannig að það þjóni samfélaginu til lengri tíma.“

Byggja með eyjunni en ekki yfir hana

Jóhann Ingi segir umhverfi og lífsgæði verða áfram stóran þátt í framtíðarsýn sinni.

„Við viljum halda Eyjum hreinum, fallegum og aðgengilegum, efla göngu- og hjólastíga og nýta náttúruna með ábyrgum hætti.“

Að hans mati er það hluti af sérstöðu Vestmannaeyja. „Það er mikilvægt að við byggjum með eyjunni en ekki yfir hana.“

Í lokin segir hann markmið Miðflokksins skýrt.

„Við viljum skapa samfélag þar sem gott er að búa, starfa og ala upp börn. Samfélag sem nýtir styrkleika sína, horfir til framtíðar og grípur þau tækifæri sem eru til staðar hér og nú.“

xM VESTMANNAEYJAR

**FEGURÐ, FRÍÐSÆLD OG KYRRÐ
FINNST HVERGI MEIRI EN Í EYJANNA BYGGÐ.
SUMRIN SÍFELT SVO BJÖRT,
SÍÐKVÖLDIN FÖGUR ER HÚMAR AÐ ÖRT.**

**SÉRKENNILEGAN SETUR Á BLÆ,
STOLT OKKAR ER,
UNDUR JARÐAR FYRIR AUGU OKKAR BER,
ÚR FJARSKA HVER SÉR.**

**FRÍÐAR OG FAGNAÐARSÖNG
FUGLARNIR SYNGJA OFTAST DÆGRIN LÖNG.
ALLTAF GÆTIR UNAÐAR,
EKKERT ER FEGURRA EN VESTMANNAEYJAR.**

HÖF. SIGURBJÖRG AXELSDÓTTIR



MIÐFLOKKURINN

Hildur Rún skipar fjórða sæti á lista Eyjalistans

Við verðum að stíga fastar til jarðar í málefnum barna

Hildur Rún Róbertsdóttir skipar fjórða sæti á lista Eyjalistans fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Hún hefur verið virk í starfi listans undanfarin ár og segir áhuga sinn á stjórnámálum hafa kviknað snemma. Hildur er varabæjarfulltrúi og leikskólakennari. Í viðtali við Eyjafréttir ræðir hún meðal annars um leikskólamála, uppbyggingu í Löngulág, samgöngur og framtíðarsýn sína fyrir Vestmannaeyjar.

Áhuginn kviknaði snemma

Hildur segir áhuga sinn á stjórnámálum hafa komið fram strax á barnsaldri.

„Áhuginn á stjórnámálum kviknaði í raun og veru sem barn og unglingur. Eg hafði alltaf gaman af alls kyns umræðu um pólitík og var með mjög margar spurningar sem byrjuðu á: „Af hverju?““

Áhuginn á bæjarmálunum hafi hins vegar komið síðar, þegar hún bauð fram krafta sína fyrir Eyjalistann í kosningunum árið 2022. „Það var heillaskref. Bæjarmálin eru mér mjög hugleikin og ég hef mikinn áhuga á þeim í heild sinni, þó ákveðin málefni standi alltaf upp úr.“

Fann strax fyrir samheldninni

Aðspurð hvað sé einkennandi fyrir samfélagið í Vestmannaeyjum segir hún samheldnina standa upp úr.

„Þegar ég flutti hingað fyrir rúmum níu árum fann ég þetta strax og þessi tilfinning að tilheyra þessu magnaða samfélagi kom mjög fljótt.“

Hún segir jafnframt að samfélagið sé á mikilli hreyfingu.

„Í dag sé ég mikinn vöxt bæði hvað varðar atvinnulíf, uppbyggingu og auðvitað hraða fólksfjölgun sem þarf að bregðast við.“

Finnur sig vel í baksviðshlutverkinu

Hildur skipar fjórða sæti á lista Eyjalistans líkt og fyrir fjórum árum og segir það skapa ákveðna samfellu fyrir listann.

„Mér finnst það jákvætt að báðir varabæjarfulltrúarnir vermi aftur sæti ofarlega á listanum.“

Hún segir sitt hlutverk í kosningaráttni að mestu hafa verið bak við tjöldin.

„Ég er í stjórn listans og hef mikið verið í kosningastjórninni, skipulagt heimsóknir, haldið



Hildur Rún Róbertsdóttir skipar fjórða sæti á lista Eyjalistans fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

utan um auglýsingar og slíkt. Ég finn mig oft í þannig hlutverki, baksviðs á meðan aðrir skína í aðalhlutverki.“

Hún leggur þó áherslu á að öll hlutverk skipti máli.

„Öll hlutverk eru jafn mikilvæg svo sýningin gangi vel og ég tek mínu hlutverki alvarlega og mun sinna því eins vel og ég get.“

Leikskólamála og börn efst á baugi

Sem leikskólakennari segir Hildur málefni barna og leikskóla sérstaklega hjartfólgin.

„Börnin eru framtíðin og við verðum að stíga fastar til jarðar í málefnum þeirra.“

Hún segir núverandi húsnæði leikskólans Kirkjugerðis orðið gamalt og telur nauðsynlegt að nýr leikskóli rísi á næsta kjörtímabili.

„Það er nauðsynlegt að hér rísi nýr leikskóli til að mæta þeirri þörf sem blasir við.“

Einnig telur hún mikilvægt að fjölga stöðugildum fjölyngisstjóra á leikskólum bæjarins.

„Við verðum að mæta þeirri miklu fólksfjölgun sem hefur átt sér stað með öflugri íslenskukennslu fyrir erlend börn. Það myndi jafnframt veita sérkennslustjórum meira svigrúm til að sinna sérkennslu, félagsfærni, kvíða og öðrum þáttum sem börn eru að glíma við á leikskólaaldri. Þetta er forvörn sem við verðum að tryggja að áfram sé sinnt vel.“

Íbúabyggð í Löngulág verður mikil lyftistöng

Hildur sér fyrir sér áframhaldandi uppbyggingu í Vestmannaeyjum á næstu árum og nefnir þar sérstaklega fyrirhugaða byggð í Löngulág.

„Ég tel að þar muni eiga sér stað mikil uppbygging og að svæðið verði hið glæsilegasta.“

Hún segir mikilvægt að þar verði fjölbreyttir búsetukostir, græn svæði og nýr leikskóli sem geti orðið samfélaginu öllu lyftistöng.

Jafnframt telur hún að tækifæri séu til staðar í menningarmálum.

„Vestmannaeyjar eru í miklum vexti þegar kemur að menningarmálum og ný menningarstefna sem tók gildi 1. maí er mikilvægt skref. Þar eigum við starfsfólki sviðsins miklar þakkir.“

Hún sér meðal annars fyrir sér mögulega stækkun Safnahúss út frá Einarssstofu til að skapa meira rými fyrir stærri viðburði.

Samgöngur lykillinn að áframhaldandi vexti

Ferðaþjónusta og samgöngur eru einnig meðal þeirra mála sem Hildur leggur áherslu á.

„Ferðaþjónustan blómstrar ekki án skilvirkra samgangna til og frá Vestmannaeyjum allt árið.“

Hún segir mikilvægt að bæjarfélagið eigi í góðu og uppbyggilegu samtali við ferðaþjónustuna og að gagnsæi ríki varðandi samgöngumál.

NSL4 stærsta hagsmunamálið

Aðspurð um stærstu verkefni sveitarfélagsins segir Hildur nýja almannavarnalögn, NSL4, vera stærsta hagsmunamálið um þessar mundir.

„Þarna verður ríkið að koma að stærstum hluta að borðinu og greiða fyrir þessa bráðnauðsynlegu almannavarnalögn.“

Einnig nefnir hún mikilvægi þess að tryggja skilvirkt innanlandsflug fyrir Eyjamenn allt árið.

„Það þarf að vera hægt að nýta flugið til dagsferða, til dæmis til að sækja heilbrigðisþjónustu. Þetta eru verkefni sem ríkið þarf að koma að af fullum þunga.“

Það er fólkið sem gerir Eyjar að góðum stað

Í lokin er Hildur spurð hvað geri Vestmannaeyjar að góðum stað til að búa á.

„Það er fólkið sem hér býr,“ segir hún án þess að hika.

„Við erum rík af mannaúði, hér er samheldni og gott að ala upp börn. Við erum líka rík af viðburðum, öflugu menningarlífi og sterku menntasamfélagi.“

Hún segir þó að samgöngur séu enn stærsta áskorunin.

„Það sem má bæta er að hér séu stöðugar, sterkar og traustar samgöngur allt árið um kring. Þar verður komandi bæjarstjórn að halda ríkinu við efnið og tryggja að verkefni Vestmannaeyja séu ofarlega í samgönguáætlun.“



KJÓSTU EYJALISTANN



FYRIR
FRAMTÍÐINA
SAMFÉLAGIÐ
ÁBYRGAN REKSTUR
GÓÐA ÞJÓNUSTU



Skannaðu fyrir stefnuskrá

Eyjalistinn.is



@eyjalistinn

Lára Skæringsdóttir er óhrædd við að prófa nýja hluti

Ferðalög, jóga og hreyfing heilla



ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Það er fátt sem veitir Lára Skæringsdóttur meiri innblástur en að ferðast, upplifa nýja staði og kynnst ólíkri menningu. Hún hefur mikla ástríðu fyrir því að takast á við ný ævintýri, hvort sem það er í gegnum ferðalög, heilsurækt eða nýja upplifun. Nýverið sneri hún heim úr heilsuferð á Tenerife sem hún fór í ásamt eiginmanni sínum, Hirti Kristjánssyni, og hópi fólks þar sem áherslan var á jóga, vellíðan og góða samveru.

Í viðtalinu segir Lára frá ferðinni, upplifun sinni og áhuga sínum á ferðalögum og því sem það fylgi.

Jógaferð í fjöllum Tenerife

Lára og Hjörtur fóru í vikulanga jóga- og heilsuferð í febrúar, upp í fjöll Tenerife. Þetta var í annað sinn sem þau fara í slíka ferð, en þau hafa þó áður farið í annarskonar heilsuferðir. Ferðin var skipulögð frá upphafi til enda með áherslu á vellíðan, hreyfingu og hreint mataræði.

Lára segir að þetta hafi verið í fyrsta sinn sem þau fylgdu ákveðnu mataræði allan tímann á meðan á ferðinni stóð. Það var enginn sykur, hveiti, áfengi eða gos. Það mátti fá einn kaffi á morgnana en eftir það var bara drukkið jurttate. Á milli mála var boðið upp á dödlur og ávexti auk



Lára og Hjörtur á Tenerife.

þriggja góðra vegan máltíða yfir daginn.

„Maður var ekki svangur en stundum fannst manni samt vanta eitthvað smá. Samt sem áður hafði maður ótrúlega gott af þessu. Við erum bæði mikið fyrir græn-

metisrétti en það var hvorki ostur, kjúklingur né egg, þannig þetta var alveg ný reynsla fyrir okkur.“

Lára segir að allt hafi verið innifalið í ferðinni og að jóga-kennarinn hafi séð alfarið um skipulag og dagskrá. Dagskráin var þétt og hittist hópurinn fjórum sinnum á dag þar sem boðið var upp á power yoga, rólegt jóga, hugleiðslu, sjálfsskoðun og ýmis verkefni tengd sjálfsvinnu. Ferðin einkenndist því af föstum ramma þar sem áhersla var lögð á bæði líkamlega og andlega vellíðan. „Við vorum 22 saman í þessari ferð, en Jóhanna og Gilli voru einnig með okkur.“ bætur Lára við.

Lára segir að það sem sitji sterkast eftir sé hversu góð tengsl myndast í svona ferð.

„Það sem skilur eftir sig er að þú kynnist fólki rosalega vel. Þið vinnið náði saman, borðið saman og æfið saman. Við vorum líka eini hópurinn á hótelinu þannig þetta var mjög félagslegt. Maður

reynir líka mikið á sig og breytir mataræðinu helling.“

Andleg og líkamleg áskorun

Hún segir að það sé mikilvægt að leyfa sér að stíga út fyrir þægindarammann og prófa eitt-hvað nýtt.

„Ég held að maður hafi rosalega gott af því að fara aðeins út fyrir rammann. Eftir því sem maður verður eldri verður erfiðara að prófa nýja hluti og maður festist svolítið í ákveðnum mynstrum.“

Lára segir ferðina ekki einungis hafa verið andlega áskorun heldur einnig líkamlega, „bara það að fara allt í einu í Power jóga á hverjum einasta degi er mjög krefjandi fyrir líkamann. Maður varð þreyttur og var alltaf farinn snemma upp í og svona.“

Hún bætur þó við að þegar heim var komið hafi þau fundið hversu gífurlega góð áhrif ferðin hafi haft á líkama og sál og hvað það var gott að takast á við svona áskoranir í heila viku. Það gefi mikla vellíðan.

Jóga meira en bara hreyfing

Hvað er það við jóga sem heillar ykkur?

„Fyrst og fremst sjálfsskoðunin og maður er alltaf að leitast eftir þessari innri ró og kyrrð sem maður finnur í jóganu, en svo er það líka orkan sem þetta gefur manni. Svo er maður auðvitað að eldast og þarf að teygja og hugsa betur um líkamann. Þetta reynir á vöðvana, liðkar bandvefinn og hjálpar manni bæði líkamlega og andlega.“

Lára segir jóga snúast um meira en bara hreyfingu.

„Jóga gengur út á að samræma andann, líkamann og öndunina. Maður er að vinna mjög mikið með hugann.“ Lára lærði Yoga hjá Iceland Poweryoga, en þau fóru einmitt til Mexico í fyrra einnig á vegum Power Yoga.

Lára segir ferðalögin oft tengjast sameiginlegum áhugamálum þeirra hjóna. Í haust fóru þau til Balí þar sem Hjörtur var að endurnýja köfunarréttindi sín, en þarf að endurnýja þau á tveggja ára fresti og á meðan var Lára í jóga tvisvar á dag.

Hún segir Hjört hafa verið aðeins víðsýnni en hún sjálf þegar kom að ferðalögum og nýrri upplifun í



Hópurinn frá Power Yoga tilbúinn í heilsusamlega og endurnærandi viku á Tenerife.

upphafi þeirra sambands. „Það var svolítið hann sem dró mig áfram fyrst, en svo finnur maður hvað það er gaman að ferðast og maður smitast alveg sjálfur,“ segir hún.

Lára segist mæla heilshugar með að fólk prófi að fara í svona heilsuferðir og einnig mælir hún með fyrir alla að stunda jóga. „Þú þarft ekki að einskorða þig við jóga. Það getur verið gott að hlaupa, labba, synda, lyfta lóðum en jóga er svo gott með. Ef þú kemst ekki í tíma þá getur þú gert þetta bara heima. Fundið gott myndband á YouTube og gert þetta bara heima í stofu.

Mikilvægt að prófa nýja hluti

Aðspurð hvað það sé sem heilli hana mest við ferðalögin segir Lára að það sé fyrst og fremst upplifunin af því að sjá eitthvað nýtt og kynnast öðrum menningarheimum.

„Mér finnst svo geggjað að fara og sjá öðruvísi menningu, smakka nýjan mat og fá annað sjónarhorn á lífið og það sem maður þekkir sjálfur,“ segir hún.

Lára segir að margar ferðir standi upp úr í gegnum árin og nefnir sérstaklega ferð þeirra hjóna til Nýja-Sjálands árið 2009.

„Við ákváðum að fara til Nýja-Sjálands árið 2009 og vorum alveg heilluð. Tveimur vikum síðar kemst ég að því að var ólétt af Aróni, yngsta syni mínum. Það var alveg geggjað að vera þarna og erfitt að fara heim en að sama skapi var samt líka æðislegt að fara heim í sína mennigu, tungumál, húmor og til fjölskyldunnar. Við höfum ekki farið aftur þangað því þetta er svo rosalega langt ferðalag. En við elskum Nýja-Sjáland og myndum alveg vilja geta skroppið þangað öðru hvoru,“ segir hún og hlær.

Ferðir til Afríku standa einnig sterkt upp úr, en þau hjón hafa ferðast þangað þrisvar sinnum. Í einni af þeim ferðum fóru þau í sex vikna, svokallaða overland ferð.

„Þá ferðast maður bara með truck og sefur í tjöldum og svona. Það var alveg geggjað. Þá er maður virkilega að fara út fyrir þægindarammann og hættir að spá í pöddum, snákum og alls konar hlutum. Maður fer bara í ákveðinn gír. En svo er alveg magnað að koma aftur heim og kunna að meta einföldu hlutina eins og sitt eigið rúm,“ segir Lára.

Hún segir að ferðalögin hafi líka kennt sér mikið um heiminn og lífið.

„Mér finnst ótrúlega gaman eins og áður hefur komið fram að fara og gera eitthvað út fyrir þægindarammann. Eins og núna þegar við fórum til Tenerife í jógaferðina, þá vorum við að gera hluti sem voru bæði erfiðir og krefjandi en líka rosalega skemmtilegir. Maður kemur heim



Jóhanna, Gísli og Lára mætt á Yoga æfingu í fjallendi Tenerife.

með fullt af verkfærum og reynslu sem nýtist manni til að takast á við lífið.“

Köfunarnám á Filippseyjum næst á dagskrá

Aðspurð hvort eitthvað nýtt sé á döfinni segir Lára næsta ævintýri þegar vera komið á dagskrá. Í haust ætla þau hjónin til Filippseyja þar sem hún stefnir á að læra að kafa, eitthvað sem hún hefði aldrei trúað að hún myndi leggja í.

„Ég hef nánast alltaf verið vatnshrædd og hélt lengi vel að ég myndi aldrei fara að kafa. En þegar við vorum á Tenerife ákvað ég að prófa. Þar voru svo margir eldri einstaklingar að kafa að maður sá að það er aldrei of seint að byrja. Maður hugsar oft: „Æi, ég er kannski orðin of gömul til að læra þetta núna,“ en svo sér maður fólk á öllum aldri njóta þess.“

Lára segir að upplifunin hafi komið sér á óvart. Hún hafi áður aðeins prófað köfun í sundlaug og alltaf fundið fyrir hræðslu við sjóinn, en eftir fyrstu reynsluna hafi viðhorfið breyst.

„Þá sá ég bara að köfun er eiginlega svolítið eins og jóga eða hugleiðsla. Maður er í kyrrðinni og upplifir náttúruna á allt annan hátt,“ segir hún.

„Við erum að fara til Filippseyja í haust og þá ætla ég að taka smá nám í köfun og bara kýla á þetta. Á meðan maður hefur heilsu þá er manni flest allt fært. Heilsan er ekki sjálfsögð. Mér finnst líka hugsunin vera að breytast hjá fólki. Fólk lifir lengur, ferðast meira og er duglegra að njóta lífsins.

Að lokum segist hún vilja hvetja fólk til að leyfa sér að prófa eitthvað nýtt og búa sér til ævintýri, það sé ekki eins flókið að ferðast og margir halda.



Lára nýtur náttúrunnar í einni af gönguferðunum sem farið var í.



Lára segir yoga hjálpa fólki að finna innri ró og betri tengingu við sjálft sig.

Hjónin Rósa og Ágúst deila áhuga á handverki



ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Hjónin Ágúst Erling Kristjánsson og Rósa Jónsdóttir deila sameiginlegri ástríðu fyrir handverki og skapandi vinnu sem þau sinna samhliða daglegu lífi.

Þau hafa bæði þróað sinn eigin stíl í gegnum árin, þar sem Ágúst hefur lagt áherslu á smíði og hönnun nýtjahluta, á meðan Rósa hefur helgað sig þrjóni og skapað fjölbreyttar og vandaðar flíkur.

Þau ræddu við Eyjafréttir um hvernig áhuginn á handverki kviknaði, hvað heillar þau við handverkið og hvaðan þau sækja innblástur í sköpun sína.

Rósa lærði grunnatriðin í saumastofunni í Hamarsskóla

Hvenær byrjaðir þú að þrjóna?

Það er engin ein ákveðin dagsetning sem stendur upp úr, þar sem mér finnst ég alltaf hafa haft áhuga á þessu. Ég lærði líklega grunnatriðin í saumastofunni í Hamarsskóla, þar sem mamma mín hafði ef til vill ekki alveg þolinmæðina til að kenna mér á þeim tíma, þótt hún hafi sjálf þrjónað mikið.

Síðan þá hefur margt breyst og mamma hefur komið yfir til Eyja til að fá aðstoð við þrjónaskapinn – eggjið að kenna hænunni.

Hvenær kviknaði áhugi þinn á handverki og hvernig hefur hann þróast? Áhuginn kviknaði snemma. Í dag hefur þetta þróast þannig að þrjónarnir eru nánast orðnir hluti af mér. Þegar ég horfi á sjónvarpið eru þeir yfirleitt



Rósa og Ágúst Erling, ásamt börnunum þeirra Þórlaugu Jenný og Lárusi.

nálægt, og þegar ég fer í ferðalög eru þeir alltaf við hendina.

Það fylgir því mikil ástríða að skapa. Þegar ég hugsa út í þróunina finnst mér sérstaklega skemmtilegt að takast á við áskoranir, til dæmis að þrjóna eftir erlendum uppskriftum og skilja þær.

Hvað finnst þér mest heillandi við að þrjóna? Það er ekki endilega lokaútkoman sem dregur mig áfram, heldur ferlið sjálft. Að nota hendurnar til að skapa eitthvað frá grunni og finna hlutina verða til á milli fingranna er það sem mér finnst dýrmætast.

Ég hef þrjónað suma hluti aftur og aftur og kann því sumar uppskriftir utan að. En stundum vil ég reyna á heilastarfseminu og gera eitthvað meira krefjandi. Til dæmis er ég í dag með tvö sjöl eftir þekktan breskan þrjónara. Ég fer út fyrir þægindarammann og þrjóna eftir uppskrift á öðru tungumáli en íslensku, sem mér finnst merkilegt þar sem tungumál eru ekki mín sterkasta grein.

Hvers konar flíkur ertu mest að þrjóna? Ég er fjölhæf í þrjóni og hef gert nánast allt: peysur fyrir fullorðna, börn, ungarbörn og jafnvel dúkkur. Ég þrjóna líka húfur og vettlinga þegar ég þarf að vinna úr afgangsgarni.

Þegar börnin mín tvö voru lítil þrjónaði ég mikið á þau – ég hef hreinlega ekki tölu á því hversu mikið þau áttu.

Hvaðan færðu innblástur fyrir sköpunina? Innblásturinn kemur úr mörgum áttum. Ég fæ hugmyndir með því að skoða samfélagsmiðla, frá stelpunum í saumaklúbbum, á Pinterest og einfaldlega með því að handleika garn í gambúðum, sem ég elska.

Ágúst – Þörfin fyrir að búa til og smíða hluti

„Eitthvað sem hefur alltaf verið hluti af mér“

Hvað varð til þess að þú byrjaðir að smíða og búa til hluti?

Ég hef alla tíð haft þörf fyrir að búa til eða smíða hluti. Þetta er eitthvað sem hefur alltaf verið hluti af mér. Mögulega má rekja það til uppeldis í sveitinni eða eirðarleysisins sem hefur alltaf verið í mér.

Hvenær kviknaði áhuginn þinn á handverki og hvernig hefur hann þróast? Ég hafði alltaf gaman af því sem krakki að setja saman eða smíða eitthvað, og sá áhugi hefur aukist eftir því sem ég eldist. Hann hefur þróast rölega í þá átt að útbúa hluti sem leysa ákveðin vandamál – oft smávægileg, en samt mjög þægilegt að losna við þau.

Hvað finnst þér mest heillandi við þetta listform? Ég hef aldrei getað málað eða unnið í þeim dúr. Ég hafði heldur ekki þolinmæði eða einbeitingu til að semja tónlist. En þegar þessi árátta til að skapa er til staðar finnur hún sér alltaf leið.



Ágúst býr til einstaka snúningsdiska á borði. Hver með sinn sjarma.

Ég hef alltaf átt frekar auðvelt með að smíða eða laga hluti, og þetta er einfaldlega mín leið til að friða hugann.

Hvers konar hluti býrð þú aðallega til? Ég hef búið til alls konar hluti, en lítið sýnt af því. Ég er ekki mikið fyrir að sýna það sem ég er að brasa, enda er þetta aðallega fikt sem skilar engu öðru en ánægjunni við að búa hlutinn til. Það sem ég hef verið ánægðastur með eru snúningsdiskar sem ég hef smíðað. Það er í raun eini hluturinn sem ég hef boðið öðrum upp á, og ég hef fengið mjög góð viðbrögð.

Hvaðan færðu helst innblástur í sköpunina? Upphaflega fór það í taugarnar á mér að ég gat ekki fengið snúningsdisk á borðið hjá mér nema fyrir morðfé. Ég skoðaði það sem var í boði en var ekki hrifinn. Ég vissi að ég gæti smíðað betri diskka fyrir minni pening, og að minnsta kosti í sömu eða betri gæðum.

Ég velti því mikið fyrir mér hvaða efni hentaði best, og eftir nokkrar tilraunir datt ég niður á sementsplötur sem mér líkaði vel við. Þær þola hita og raka mjög vel og eru nógu þungar til að vera stöðugar á borði.

Ég veit aldrei alveg hvernig lokaútkoman verður, því efnið er lifandi og mynstrið í hverjum diskki verður aldrei eins. Það gerir þetta alltaf jafn spennandi.

Hvar getur fólk skoðað eða nálgast verkin þín? Eins og staðan er núna á ég enga diskka til. Maður kennir oft tímaleysi um, en mig langar að fara að búa til nokkra við tækifæri, mögulega með smávægilegum breytingum.

Ef fólk vill sjá diskana er hægt að leita að mánadiskum á Facebook. Þar hef ég sett inn myndir af því sem ég hef gert. Ég hef ekki auglýst síðuna mikið undanfarið, enda bjóst ég ekki við að anna eftirspurn.

Það væri gaman að ná að búa til nokkra diskka sem væru aðgengilegir í kringum goslokin – en það kemur í ljós hvað gerist.



Rósa þrjónar einstaklega vandaðar og fallegar flíkur.

xM VESTMANNAEYJAR



Mynd: Þórey Helga Hallgrímsdóttir

**TÆKIFÆRIÐ
ER NÚNA**

Ný bók á Goslokahátíð:

Vísna gátur úr Vestmannaeyjum

≡ Eftir Sigurgeir Jónsson

Á Goslokahátíð í sumar kemur út ný bók eftir Sigurgeir Jónsson í Gvendarhúsi og er þetta 15. bókin sem út kemur eftir hann. Líkt og flestar fyrri bækur hans, sem hafa að stórum hluta fjallað um mannlíf og hætti í Vestmannaeyjum, er þessi með sömu tengsl. Bókin heitir Vísna gátur úr Vestmannaeyjum og hefur inni að halda um 150 vísna gátur, sem flestar tengjast Vestmannaeyjum.

Eins og fyrr segir kemur bókin út á Goslokahátíðinni og verður sérstök kynning á henni í Safnahúsi þar sem einnig verður hægt að fá hana áritaða.

En hvers konar bók er þetta?

Sigurgeir segir að þótt hann hafi stundað vísna gæð frá unga aldri, hafi sá þáttur fram til þessa lítt komið fram í bókum hans. „Svo gerðist það fyrir tveimur eða þremur árum, að ég fékk aukinn áhuga á þessu formi. Átti nokkrar vísna gátur frá fyrri árum og ákvað að bæta í þann forða með efni sem tengdist Vestmannaeyjum. Eldri gáturarnar eru svona meira af gamla skólanum, á að finna lausnina í efni gátunnar en þær nýrri eru byggðar á annarri aðferð, þar sem á að lesa lausnina beint úr textanum svipað og er í nútímakrossgátum og hentar mörgum vel,“ segir Sigurgeir.

Þessar gátur fjalla nær allar um



Sigurgeir Jónsson, rithöfundur.

Vestmannaeyjar og á að finna út úr þeim örnefni, eyjar, sker og dranga, þekktu staði og húsanöfn svo nokkuð sé nefnt. Tökum eina gátu sem dæmi þar sem finna á nafn á eyju í Vestmannaeyjum:

Gestrisinn ég einkar er,
oft ég skenki á könnuna.

Humar líka elda hér,
helli seyði á pönnuna.

Hér er lausnin Hellisey, og finnst í upphafi fjórðu línu vísunnar.

Sigurgeir segist hafa fengið áhuga fyrir þessu í sambandi við að leysa krossgátur Moggans um árabíl sem eru heldur strembnari en gengur og gerist og þurfi oft að lesa beint í textann.

„Svo datt mér í hug hvort ekki væri skemmtilegt að koma þessu

inn í vísna gátur líka og held að ég sé frumkvöðull í þessari ljóðagerð hér á landi,“ segir Sigurgeir og bætir við að kynning á bókinni hafi staðið í nokkurn tíma og margir sem bíði spenntir.

„En ég er hvergi nærri hættur og síðustu vikur og mánuði er ég búinn að setja saman fullt af nýjum gátum sem flestar tengjast Vestmannaeyjum líka. Til að mynda setti ég saman gátur sem fjalla um byggðina fyrir ofan hraun og á að finna bæjarnafn í hverri gátu. Þær hafa vakið fögnuð hér í nágrenninu. Og svo datt mér í hug um daginn að setja saman vísna gátur um fjóra matsölustaði í Vestmannaeyjum, sem m.a, eiga það sameiginlegt að styðja við þessa útgáfu. Og eigendur þessara staða voru hinir ánægðustu með árangurinn, töldu þetta hina bestu auglýsingu fyrir sig auk þess sem þetta myndi auka sölu á bókinni,“ sagði Sigurgeir sem sagðist líka vera farinn að hlakka til goslokanna. Hann hefði fengið einkar jákvæð viðbrögð við þessari útgáfu og sagði að margir biðu fullir tilhlökkunar að spreyta sig á vísna gátunum.

Og Sigurgeir veitti okkur góðfúslegt leyfi sitt til að birta hér bæði vísna gáturarnar um sveitina fyrir ofan hraun sem og gáturarnar um matsölustaðina sem koma hér.

Vísna gátur

Vísna gátur þar sem finna á nafn á þekktum veitingastöðum í miðbæ Vestmannaeyja. Lesa á nafnið beint úr textanum, ekki rugla stöfum.

1
Þau Jónína og Otti áður sátu og undu lífinu við Brekastíg. En nú má finna í nöfnum þeirra gátu um nafntogaðan stað við Bárustíg.

2
Áðan vildi mat mér fá, mjög svo vel allt það gekk. Umfram allt ég ætla að skrá indaelismatinn sem ég fékk.

3.
Gola að austan ginnir mig góðan mat að pantu. Frábær matur, fjölmörg stig, flott á alla kanta.

4.
Indæll staður, indæl stund, ötull vinnuflokkurinn. Svo bið eg um að nautalund hreinsi kaldi kokkurinn.

1. Gott / 2. Kráin / 3. Tanginn / 4. Einski kaldi



Þorlaugargerði er einn af unaðsreitum á Heimaey og þar ólst Sigurgeir upp og er kenndur við.

Nokkrar vísna gátur sem snúast um bæjanöfn í sveit í Eyjum. Sum eru ný, önnur ekki til lengur. Svörin á að lesa beint úr textanum.

1. *Áðan hér uppi í sveit, undir háu felli. Og þar sá er ofan leit iðagræna velli.*
2. *Oft við Ofanbyggjarar upplifum skrytinn draum. Bær þar stóð sem brekka var, býst þó áfram þar við glaum.*
3. *Ekkert er hér alveg eins og í þá gömlu veru. En hér við rætur Staupasteins staðir áfram eru.*
4. *Sjá má á leiðinni suður í höfða bólstað einn býsna reisulegan. Hér vil eg til sem flestra höfða, hafa braginn, ekki tregann.*
5. *Fellur allt í fastar skorður, flest í suður eða norður. Garður einn er glöggt ég man, gagnast nú sem bílaplan.*

6. *Bærinn þessi fyrrum þótti þekja mikið moldarsvað. Kotabýlið karl einn sótti, kom sér svo á nýjan stað.*
7. *Í kirkju hins heilaga Gvendar húsflugur tóku að sjást. Sagðar af Guði sendar sem og að mættu' ekki nást.*
8. *Auk þess að vera með eilíft suð, urgarðu raunar alltaf í mér. Hættu með þetta helv.... tuð, hafðu nú einhverja stjóm á þér.*
9. *Út á túnið arkar sá, árta dags með kraft og þor. Laugar gerðin lítill, smá, loksins, nú er komið vor.*
10. *Hér í brekku hús er eitt, hvítmálað og fagurt á að líta. Og við vonum harla heitt að hingað komi ei ær og lömb að skíta*

1. Ofanleiti / 2. Draumbær / 3. Steinsstaðir
4. Höfðaból (nýbylli sem Árni Johnsen reisti)
5. Norðurgarður / 6. Svaðkot (ekki lengur í ábúð)
7. Gvendarhús / 8. Suðurgarður /
9. Þorlaugargerði / 10. Brekkuhús

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN Í VESTMANNAEYJUM



KOSNINGAKAFFI

D-lista Sjálfstæðisflokksins verður í Höllinni á kjördag. Kosningakaffið stendur frá kl. 14:00-17:00. Við hvetjum allt stuðningsfólk D-lista til að koma við í Höllinni og fá sér kaffi og meðlæti.

KOSNINGAVAKA

Kosningavaka verður í Akóges að kvöldi kjördags. Húsið opnar kl. 21:00.

AKSTUR Á KJÖRSTAÐ

Boðið er upp á akstursþjónustu á kjördag. Þeir kjósendur sem þurfa akstur á kjörstað geta hringt í síma 841-0190 og óskað eftir akstri.

KOSNINGASKRIFSTOFAN

Kosningaskrifstofa Sjálfstæðisflokksins í Ásgarði er opinn allan kjördag og er fólk hvatt til að líta við og taka þátt í starfinu með okkur.

STERKARI SAMAN - FYRIR OKKUR ÖLL



Nám í fiskeldisfræði opnar margar dyr



ANNIKA VIGNISDÓTTIR
annika@eyjafrettir.is

Fiskeldi hefur vaxið hratt á Íslandi á undanförunum árum og hefur skapað ný tækifæri til

náms og starfa. Hér í Eyjum er uppbygging hjá Laxey í fullum gangi og sífellt fleiri sjá framtíð í greininni. Tvö þeirra eru Gísli Hjartar og Helga Stella, sem bæði ákváðu að fara í nám í fiskeldisfræði og starfa nú hjá fyrirtækinu.

Þau koma úr ólíkum áttum en eiga það sameiginlegt að hafa gripið tækifærið þegar það gafst og fetað sig inn í spennandi og ört vaxandi atvinnugrein. Gísli og Helga Stella spjöll-uðu við Eyjafrettir og sögðu

frá hvað varð til þess að þau fóru í námið, hvernig það er uppbyggt og hvernig daglegt starf í fiskeldi lítur út. Þá gefa þau innsýn í fjölbreytt verkefni, áskoranir og það sem gerir starfið bæði krefjandi og gefandi.

Gísli Hjartarson í fiskeldisfræði að Hólum

Námið er fjölbreytt og spannar vítt svið

Gísli Hjartar segist lengi hafa haft áhuga á fiskeldi, allt frá unga aldri. Faðir hans kom að laxeldishugmynd á sínum tíma, þar sem gerð var tilraun með rækt á svæðinu þar sem Landlyst er í dag. Sú tilraun gekk þó ekki upp, en áhuginn kviknaði hjá Gísla á þessum tíma, þó hann hafi ekki látið verða af því að fylgja honum eftir þá.

Það var svo síðasta vetur og sumar, þegar Gísli starfaði hjá DVG, að hlutirnir fóru að taka stefnu. Einn daginn hittu hann Daða Páls og spurði einfaldlega hvort hann ætti möguleika á vinnu hjá Laxey ef hann færi í nám í fiskeldisfræði. Svarið var skýrt, að hann yrði velkominn til starfa. Í kjölfarið sendi Gísli fyrirspurn á Háskólann á Hólum og komst þá að því að umsóknarfresturinn rann út sama kvöld. Hann brást hratt við, sótti strax um og fékk inngöngu í námið.

Námið er eins árs nám sem byggir á fjarnámi með staðarlotum um það bil einu sinni í mánuði. Námið er fjölbreytt og spannar vítt svið innan greinarinnar, þar sem farið er yfir bæði fræðilega og verklega þætti.

„Það er kennt eitt fag í einu sem er alveg geggjáð þá er fókusinn bara á því fagi og allt annað látið liggja á milli hluta á meðan,“ segir Gísli.

Í náminu er unnið að fjölbreyttum verkefnum, bæði heima fyrir og í staðarlotum. Verkefnin spanna allt frá því að svara spurningum úr fyrirlesturum yfir í verklegar æfingar, þar sem nemendur taka



sýni, vinna með fisk og kynnst ferlum á borð við slátrun og vinnslu.

Aðspurður hvort eitthvað hafi komið sér á óvart í náminu segir Gísli að hann hafi búist við stærrri hópi, og þá sérstaklega fleiri Íslendingum.

„Ég hélt að við yrðum kannski fleiri en við erum, og þá sérstaklega fleiri Íslendingar. Við erum ekki nema um tíu manns og helmingurinn er útlendingar. Við erum tveir þarna sem störfum hjá Laxey, ég og Tom Cluett,“ segir hann.

Hann segir námið jafnframt mjög fjölbreytt og skemmtilegt, þar sem farið er víða um landið til að skoða fiskeldi og kynnst starfsemi á vettvangi.

„Við höfum farið um allt land



og skoðað eldi, allt frá Kópaskeri til Grindavíkur og vestur á firði, með viðkomu á Suðurlandsundirlendinu þar sem mikið er um eldi, til dæmis frá Hveragerði og í kringum Þorlákshöfn.“

Gísli hvetur þá sem eru að velta fyrir sér náminu til að láta vaða.

„Námið er mjög skemmtilegt og ég hvet alla sem eru að spá að skella sér, og eins að skoða þetta ef að þú ert ekki viss hvað þú vilt læra, þetta er bara 1 ár og getur gefið þér gott starf, á meðan þú ert í námi sem og á eftir.“

Í starfi sínu hjá Laxey sér Gísli að stórum hluta um fóðrun laxanna. Hann byrjar daginn yfirleitt á að fylla í sílóin, þaðan sem fóðrið dreifist áfram í tankana. Fóðrið er mismunandi eftir stærð fiskanna og magnið umtalsvert,

en að jafnaði fara um 12–15 tonn í sílóin á dag, eða um 100 tonn á viku. Sú tala mun þó hækka hratt á næstunni þegar fleiri ker verða tekin í notkun.

Dagleg störf hjá Laxey eru fjölbreytt og krefjandi, þar sem hver og einn sinnir sínu hlutverki innan heildarinnar. Vinnudagurinn hjá Gíslu hefst venjulega á stuttum fundi þar sem farið er yfir stöðuna, hvað gekk á daginn áður og hvað sé framundan. Að því loknu fer starfsfólk í sín verkefni.

„Ég fer að setja á sílóin, aðrir fara að fylgjast með sírefni og stöðu í tónkunum og svo eru aðrir að dæla fiski í slátrun eða taka á móti seiðum úr seiðastöðinni inn í Botni. Þetta er allt síbreytilegt og það er af nógu að taka,“ segir Gísli.

Hvað er það skemmtilegasta við starfið og hvað er mest krefjandi?

„Fjölbreytt og skemmtilegt. Flottur og blandaður hópur af starfsfólki og að er mikið líf og fjör í vinnunni og úti í fjöru almennt því að uppbyggingarferlið er í fullum gangi og mikið sem gengur á. Þarna er allt frá seiðum up í full vaxta fisk, það er verið að slátra fisk og það er verið á fullu í að byggja upp allt þarna í umhverfinu, og það er nóg eftir. Þetta er mjög spennandi og gefandi. Ég hittu mann fyrir norðan sem er búinn að vinna í þessum bransa í hátt í 30 ár og hann sagði að Laxey væri merkilegasta og áhugaverðasta fyrirtæki sem sett hefði verið á laggirnar í Íslands-sögunni. Þannig að fylgist með,“ segir Gísli að lokum.



Helga Stella Jónsdóttir starfar í seiðastöð Laxeyjar

Áfangarnir bæði verklegir og fræðilegir

Helga Stella segir að áhuginn á fiskeldisnámi hafi kviknað þegar hún heyrði af fyrirhugaðri uppbyggingu fiskeldis í Vestmannaeyjum. Hún fór þá að kynna sér hvað þyrfti til að verða fiskeldisfræðingur og það hafi komið sér á óvart að námið hafi verið aðeins ár. Hún ákvað því að láta slag standa.

„Ég ákvað bara að kíla á þetta því ég hafði í raun engu að tapa,“ segir hún.

Helga segir námið í fiskeldisfræði skiptast þannig að nemendur taka einn áfanga í einu, þar sem hver áfangi stendur yfir í þrjár vikur. Alls eru þetta nú áfangar auk verknáms sem fer fram yfir sumarið eða haustið að námi loknu. Í hverjum áfanga er lokaþróf sem vegur 50% af einkunn, og eru áfangarnir bæði verklegir og fræðilegir, þar sem sumir snúa meira að tölvu- og stærðfræðingdum þáttum.

Aðspurð hvort eitthvað hafi komið sér á óvart í náminu segir hún það hafa komið sér verulega á óvart hversu stór hluti námsins sneri að stærðfræði og tækni.

„Það er svo miklu meira við þessa vinnu en bara að fódra fiskana eins og eflaust margir myndu halda.“

Helga starfar í dag í seiðastöð Laxey þar sem hún sinnir umönnun á minnstu fiskunum. Hún segir verkefnin vera afar fjölbreytt og enginn dagur eins.

Sumir dagar fara í að færa fiskana á milli kerfa eða út í fjöru

í áframeldi, á meðan aðrir snúast um bólusetningar eða móttöku á nýjum eggjum. Þó sé ákveðin grunnvinna alltaf til staðar.

„Við þurfum alltaf að hafa góða yfirsýn yfir vatnsgæði og fóðrun hjá fiskunum og það er að mínu mati það mikilvægasta sem við gerum daglega, þó önnur verkefni bíði líka oftast,“ segir hún.

Hún útskýrir að vinnudagurinn byggist oft á því að fá úthlutað ákveðnu hlutverki. Til dæmis getur hún verið ábyrg fyrir tilteknu kerfi, eins og RAS1, þar sem hún sér um fiskana og allt sem þeim tengist.

„Ég þarf að t.d. passa að þeir fái rétt magn af fódri og hækka það eða lækka það eftir því hversu svangir þeir eru, passa að vatnsgæðin séu í lagi og halda því við með að mæla allskonar gildi í vatninu. Þetta er bara eitt af því sem við gerum daglega en svo er oftast en ekki bólusetning, færslur um kerfi eða út í fjöru, eða ný hrogn að koma og þá er dagurinn allt annar.“

Hvað er það skemmtilegasta við starfið og hvað er mest krefjandi?

„Öll stærðfræðin og tölur og allt svoleiðis er klárlega mest krefjandi en samt svo gefandi! En það spilar líka inn í að ég hef aldrei verið neitt frábær yfir höfuð því segir hún og hlær. Skemmtilegast að mínu mati er að sjá fiskana vaxa og stækka vel, maður verður svona smá eins og stoltur foreldri að sjá barnið sitt vaxa úr grasi,“ segir Helga Stella.

Horfum til framtíðar - veljum Eyjalistann!

X KOSNINGAR 2026

Vestmannaeyjar eru einstakur staður til að búa á. Hér þekkest fólk, hjálpast að og stendur saman þegar á reynir. Við eigum sterkt samfélag, flott atvinnulíf og ótrúlega sögu. Til þess að halda áfram og gera góðann bæ enn betri þurfum við fjölbreytileika í bæjarstjórn Vestmannaeyja, allir íbúar verða að geta speglad sig í sínum fulltrúa svo að enginn hópur gleymist. Þess vegna ættu sem flestir að kjósa Eyjalistann á laugardaginn. Eyjalistinn er listi sem verður til hér í Eyjum og vinnur að heilum hug fyrir Vestmannaeyjar, það skiptir máli. Eyjalistinn er hópur fólks úr ólíkum áttum sem eiga það sameiginlegt að brenna fyrir málefnum Vestmannaeyja og vilja vinna fyrir íbúa af alúð. Brot af stefnumálum Eyjalistans

Eitt af því sem flestir finna fyrir í dag eru húsnæðismálin. Ungt fólk þarf að geta keypt eða leigt sér húsnæði án þess að það sé nánast ómögulegt verkefni. Ef við viljum halda í unga fólk okkar og fá fleiri fjölskyldur til að flytja hingað þá þarf að byggja meira og skipuleggja betur. Eyjalistinn hefur lagt áherslu á að þetta verði tekið föstum tókum svo Vestmannaeyjar verði áfram góður staður fyrir ungt fólk til að stofna heimili. Við bindum miklar vonir við uppbyggingu í Löngulág og að þar verði gert ráð fyrir fjölbreyttu húsnæði fyrir breiðan aldurshóp.

Atvinnulífið skiptir líka miklu máli. Við erum heppin að búa í bæ þar sem eru mörg tækifæri og öflug fyrirtæki. Sjávarútvegurinn hefur lengi verið hjartað í samfélaginu en það þarf líka að styðja við nýsköpun, ferðaþjónustu og önnur störf sem skapa fjölbreytni. Eyjalistinn vill styðja við nýsköpun með tilkomu nýsköpunarsjóðs sem úthlutað yrði úr einu sinni á ári. Það

hjálpur litlum hugmyndum að vaxa og tryggja að hér verði áfram góð störf fyrir fólk á öllum aldri.

Svo eru það samgöngurnar en allir Vestmannaeyingar vita að það skiptir miklu máli að komast auðveldlega til og frá Eyjum. Þegar samgöngurnar ganga illa hefur það áhrif á allt samfélagið. Eyjalistinn hefur talað skýrt um að berjast fyrir betri samgöngum og tryggja að hagsmunir Vestmannaeyja gleymist ekki og að ríkið forgangsraði málum Vestmannaeyja ofar í samgönguáætlun og skerði ekki fjármagn til okkar.

Af hverju Eyjalistinn?

Kannski er þó stærsta ástæðan fyrir því að kjósa Eyjalistann sú að þar er lögð áhersla á samvinnu og jákvæð vinnubrögð. Fólk er orðið þreytt á rifrildi og pólitískum leikjum. Í litlu samfélagi eins og okkar skiptir mestu máli að fólk geti unnið saman og hlustað hvert á annað. Eyjalistinn vill vinna með íbúum bæjarins fyrir íbúa bæjarins með samvinnu og gagnsæi að leiðarljósi.

Við viljum öll að Vestmannaeyjar verði áfram staður þar sem gott er að búa. Staður þar sem börn fá menntun til fyrirmyndar, eldri borgarar fá góða þjónustu og fjölskyldur finna öryggi og festu í daglegu lífi. Til þess þarf fólk sem hefur metnað fyrir samfélaginu okkar og er tilbúið að leggja vinnu í að gera góðan bæ enn betri.

Kjósom með hjartanu! Setjum X við E á laugardaginn!

Kosningarnar á laugardaginn skipta máli. Þetta snýst ekki bara um stjórnmál heldur um framtíð samfélagsins okkar. Með því að kjósa Eyjalistann er fólk að kjósa fyrir Vestmannaeyjar, fyrir samstöðu og fyrir framtíð sem byggir á því sem skiptir okkur öll raunverulega máli.

Eyjalistinn vill vinna fyrir fólkið í Eyjum og þess vegna á Eyjalistinn skilið atkvæðið þitt á laugardaginn! X-E fyrir Eyjar!

Eigum bestu stuðningsmenn í heimi

≡ **Bikarmeistarafitill með ÍBV er sá sem stendur hvað mest upp úr**

Birna Berg Haraldsdóttir, handboltakona, er íþróttamaður mánaðarins. Birna Berg hefur verið frábær í vetur með kvennaliði ÍBV í handbolta. Hún er einn af lykilmönnum liðsins og hefur verið frá komu sinni til Eyja. Birna hefur raðað inn mörkum í úrslitakeppni Olís deildarinnar og skoraði til að mynda 16 mörk í leik tvö í undanúrslitaevínginu gegn Haukum. Birna og stóllur hennar í ÍBV hafa tryggðu sér sæti í úrslitaevínginu gegn Val og átti hún stóran þátt í því. Við fengum að spyrja Birnu nokkurra spurninga.

Aldur? Raunverulega 32 ára, andlega 22 ára og líkamlega 72 ára.

Fjölskylduhagir?

Gift og barnlaus.

Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi?

Ég er vakinn af mannum mínum með kaffi í rúmið alla daga. Síðan er það bara vinna, borða, æfa og sofa og rútinan endurtekin daginn eftir.

Aðal áhugamál fyrir utan íþróttir?

Ég er það einhæf að íþróttir eiga hug minn allan. Það er lítið annað sem kemst að og hefur verið þannig allt mitt líf.

Síðasta hámborfið? Full swing, geggjáðir heimildapættir um golf á Netflix.

Hver er þín helsta fyrirmynd?

Mamma, hún er fáránlega myndin og skemmtileg. Hún er líka algjör winner.

Mottó? Winners never quit and quitters never win.

Hvaða þrjá einstaklinga tækir þú með á eyðieyju og af hverju?

Hér er erfitt að geta einungis valið þrjá þar sem ég er svo heppin að vera umkringd yndislegu fólki hvar sem ég kem. En ég tæki að sjálfsögðu minn besta mann Claes, því ég get ekki lifað án hans og einhver þarf að færa mér morgunkaffið mitt. Síðan kemur sér vel að hann er ótrúlega lausnamiðaður.

Unnur Sigmars kæmi með því hún er grjótharður töffari, rifur kjafi og myndi örugglega segja mér daglega að hætta að vera



Birna Berg er ein aðalstoðin í öfluglu liði Eyjakvenna sem voru á leið í sinn fjórða leik í úrslitum gegn Val þegar blaðið fór í prentun. Staða var 2 – 1 fyrir Val svo enn var möguleiki.

aumingi.

Ester Óskarsdóttir tekur síðasta sætið, traustari og skipulagðari manneskju er varla hægt að finna, hún myndi vaða eld og brenni-stein fyrir fólkið sitt. Miðað við þessa þrjá einstaklinga sem ég tel upp hér að ofan þá verður hlutverk mitt á eyðieyjunni nokkuð einfalt, ég myndi halla mér aftur og slaka á því þau myndu alltaf koma okkur aftur heim til Eyja.

Sturluð staðreynd um sjálfan þig?

Ég var dúx í menntaskóla, þrátt fyrir allt sem ég hef afrekað á mínum íþróttuferli þá er þetta það sem mamma og pabbi eru stoltust af.

Hefur þú stundað aðrar íþróttir en handbolta?

Já, ég var lengi í fótbolta og var síðan nokkur sumur í frjálsum íþróttum, vil taka það fram að ég var ekki neinum hlaupagreinum heldur spjótkastrí

og kúluvarpi. Kemur kannski fáum á óvart.

Hvað hefur staðið upp úr á tímabilinu?

Það er erfitt að pikka eitthvað út, það hafa verið toppar og dalir. En það er erfitt að horfa fram hjá nýliðnu maraþon einvígi við Hauka í undanúrslitunum.

Hvað einkennir meistaraflökk ÍBV í handbolta?

Barátta, leikgleði og samstaða. Þessi hópur er ótrúlega samstilltur og hefur verið í allan vetur. Þetta er svo góð blanda af yngri og eldri leikmönnum sem draga fram það besta í hvorum öðrum. Svo erum við með frábært teymi í kringum liðið sem á mikið hrós skilið.

Hvað er eftirminnlegast á ferlinum?

Allir þeir titlar sem ég hef unnið í gegnum árin og bikarmeistarafitillinn með ÍBV er sá titill sem stendur hvað mest upp úr. Einnig er ég ótrúlega stolt

af öllum mínum endurkomum í handbolta eftir erfið hnémeiðsli sem hafa einkennt minn feril.

Hvaða ráð myndir þú gefa yngri iðkendum í handbolta?

Aldrei gefast upp! Til að ná árangri þarf maður að hafa fyrir hlutunum, það er enginn að fara að gera þetta fyrir þig.

Hvað er velgengni fyrir þér? Velgengni er að vera góður liðsmaður og gera liðsfélagana í kringum sig betri.

Eitthvað að lokum? Mig langar að þakka öllum fyrir frábæran stuðning í allan vetur. Við erum svo þakklátar fyrir fólkið okkar sem hefur staðið við bakið á okkur. Í undanúrslita einvínginu á móti Haukum sást það greinilega að við eigum bestu stuðningsmenn í heimi. Nú þurfum við að klára þetta saman og sigla þeim stóra heim!



Vinningshafar á Íslandsmótinu. Myndir Þorgeir Baldursson

Glæsilegt Íslandsmót í sveitakeppni í boccia

Íslandsmót Íþrótta sambands fatlaðra í sveitakeppni í boccia fór fram í Vestmannaeyjum helgina 16.–18. apríl. Um 100 keppendur í 35 sveitum frá níu félögum mættu til leiks, en það var íþróttafélagið Ægir sem hafði umsjón með mótinu.

Ólafur Jóhann Borgþórsson, framkvæmdastjóri Herjólfss, bauð gesti velkomna við setningarathöfnina og var mikið fjör. Einnig var lag mótsins kynnt og það spilað alla helgina.

Lokahóf mótsins fór fram í Höllinni á sunnudeginum þar sem mikil stemning og gleði ríkti. Tvö lið frá íþróttafélaginu Ægi unnu til verðlauna á mótinu. Anton Sigurðsson, Birgir Rúnar Júlíusson og Ylfa Ólafsdóttir urðu í öðru sæti í 2. deild mótsins. Þá urðu Stefán Róbertsson, Júlíana Silfá Haraldsdóttir og Katrín Helena Magnúsdóttir í þriðja sæti í sömu deild.



Bikarmeistarar í þriðja flokki karla og kvenna

Bergvin þjálfari strákanna sáttur við sína menn -Dugnaður og vinnusemi skilar árangri

Strákarnir tryggðu sér bikarmeistararitilinn með þriggja marka sigri gegn Val og voru lokatölur leiksins 37:34. Elís Þór Aðalsteinnsson, leikmaður ÍBV, var valinn mikilvægasti leikmaður úrslitaleiksins. Bergvin Haraldsson er þjálfari liðsins og fengum við hann til að svara nokkrum spurningum um liðið.

Hvernig leið þér eftir að hafa tryggt ykkur bikarmeistararitilinn? Tilfinningin var hreint út sagt frábær!

Hvað þýðir þessi árangur fyrir liðið og félagið? Þessi árangur sýnir og sannar að þegar ungir iðkendur leggja sig fram af dugnaði og vinnusemi þá eru þeim allir vegir færir og vinnan skilar sér á endanum. Þetta er fyrsti titillinn sem þeir vinna á sínum ferli og er það merki um að metnaður og dugnaður skilar sér. Sigurinn bæði hjá karla- og kvennaliðinu sýnir hversu sterkt yngri flokka starfið er í Eyjum. Við erum með mjög stóran hóp af efnilegum leikmönnum og er markmið félagsins ávallt að skila sem flestum þeirra upp í meistaraflokk.

Var þetta markmið ykkar frá upphafi tímabilsins eða kom sigurinn á óvart? Já, þetta var klárlega markmiðið og við ræddum það sem hópur að við værum með það öflugan og metnaðarfullan hóp að við gætum keppt um alla titlana sem í boði voru. Allir leikmenn voru tilbúnir að leggja á sig gríðarlega vinnu og niðurstaðan fram að þessu er bikarmeistararitill og 3. sæti í deild sem er glæsilegur árangur hjá þessum peyjum.

Hvað fannst þér skipta sköpum í úrslitaleiknum? Drengirnir voru virkilega vel gíraðir og tilbúnir í verkefnið. Við vorum mjög vel undirbúnir fyrir leikinn og náðum að halda góðu skipulagi út allan leikinn. Þeir nutu þess í botn að spila og við náðum upp góðum varnarleik. Stórleikur Elísar sóknarlega átti einnig stóran þátt í sigrinum.

Var einhver leikmaður eða atvik sem þér fannst standa upp úr í úrslitaleiknum? Það sem heillaði mig mest við frammistöðu liðsins var hversu innilega drengjunum langaði að vinna leikinn. Þeir fögnuðu öllu og nýttu stúkuna vel. Liðsheildin og samstaðan var algjör lykill að sigri. Benóný Þór



Efri röð frá vinstri: Hilmar Ágúst Björnsson, Bergvin Haraldsson, Fannar Ingi Gunnarsson, Tómas Runi Gunnarsson, Sæþór Ingi Sæmundarson, Heimir Halldór Sigurjónsson, Andri Erlingsson, Aron Daði Pétursson, Sigurmundur Gísli Unnarsson, Morgan Goði Garner, Kjartan Freyr Andreusson, Einar Bent Bjarnason, Kári Snær Hlynsson, Halldór Skúli Björnsson, Andri Magnússon, Tómas Sveinsson, Hákon Daði Styrmisson. Neðri röð frá vinstri: Hreggviður Jens Magnússon, Guðjón Elí Gústafsson, Ólafur Már Haraldsson, Benóný Þór Benónýsson, Haukur Leó Magnússon, Filipp Ambroz, Elís Þór Aðalsteinnsson og Anton Frans Sigurðsson.



Efri röð frá vinstri: Helga Margrét Thorlacius, Borghildur Lára Busk, Magdalena Jónasdóttir, Birna Dís Sigurðardóttir, Lilja Kristín Svansdóttir, Alexandra Ósk Víktorsdóttir, Anna Sif Sigurjónsdóttir, Klara Káradóttir, Sigurrós Sværissdóttir, Gísli Steinar Jónsson, Hilmar Ágúst Björnsson. Neðri röð frá vinstri: Alany Alvarez Medina, Birna Egilsdóttir, Birna María Unnarsdóttir, Ásdís Halla Hjarðar, Agnes Lilja Styrmissdóttir, Edda Dögg Sindradóttir og Erla Hrönn Unnarsdóttir.

var lykilleikmaður, innan sem utan vallar, við að gíra liðið upp og halda stemningu og gleði innan hópsins.

Hvað gerir þetta lið einstakt að þínu mati? Dugnaðurinn og viljinn til að ná árangri er aðdáunar-

verður hjá þessum hópi. Þessir peyjar æfa og sinna þessu gríðarlega vel og hafa gert undanfarin ár. Núna eru þeir að uppskera eftir alla þá vinnu sem þeir hafa lagt í verkefnið.

Sérðu marga leikmenn úr þessum

flokki klára inn í meistaraflokk næstu ár? Stór hluti af þessu liði er nú þegar að spila lykilhútlverk í meistaraflokki. Andri Erlingsson er meðal annars að yfirgefa okkur eftir tímabilið og er á leið í atvinnumennsku. Í vetur spiluðu

nú leikmenn 3. flokks með meistaraflokki og þar af voru fimm sem spiluðu sína fyrstu leiki fyrir meistaraflokk félagsins. Við erum með það stóran hóp af efnilegum og flottum leikmönnum að það kæmi mér lítið á óvart ef fleiri tækju skrefið upp í meistaraflokk á næstu árum.

Hvað er fram undan hjá liðinu? Núna erum við á leiðinni í úrslitakeppni þar sem við mætum spræku liði Stjörnunnar í 8-liða úrslitum. Að úrslitakeppni lokinni tekur við létt sumarfrí og svo hefst undirbúningur fyrir næsta tímabil.

Stelpurnar hafa bætt sig mikið - Þarf aukakraft til að lyfta bikurum

Stelpurnar tryggðu sér einnig bikarmeistararatitilinn með sigri gegn liði Vals. Þær unnu leikinn með fimm marka mun og urðu lokatölur 31:36. Birna María Unnarsdóttir var valin mikilvægasti leikmaður úrslitaleiksins. Gísli Steinar Jónsson er þjálfari liðsins og fengum við hann til að svara nokkrum spurningum um liðið.

Hvernig leið þér eftir að hafa tryggt ykkur bikarmeistararatitilinn? Þetta var titill sem skipti stelpurnar svakalega miklu máli. Valur hefur eiginlega unnið alla titla í þessum 2007 árgangi og var þetta því extra sætt af þeim sökum.

Hvað þýðir þessi árangur fyrir liðið og félagið? Stelpurnar uxu sem karakterar og persónur við þetta.

Var þetta markmið ykkar frá upphafi tímabilsins eða kom sigurinn á óvart? Það er alltaf markmiðið að keppa um titlana sem eru í boði hjá þessum stelpum. Þær eru nú flestar farnar að spila og æfa með meistaraflokki félagsins sem hefur heldur betur náð árangri í vetur og bætt sig mikið. Þessar stelpur koma til með að keppa um titla það sem eftir lifir ferilsins.

Hvað fannst þér skipta sköpum í úrslitaleiknum? Hausinn var rétt skrúfaður á og stelpurnar létu virkilega finna fyrir sér inni á vellinum. Það skiptir öllu máli í þessu að hafa fyrst og fremst gaman. Þá kemur þessi aukakraftur sem þarf til að lyfta bikurum.

Var einhver leikmaður eða atvik sem þér fannst standa upp úr í úrslitaleiknum? Leiðinlegt að nefna einhverja eina, en markvarðapar vetrarins í þessum 3. flokki eru aðeins 14 ára gamlar. Erla og Sigurrós spiluðu tvo úrslitaleiki í bikarum og stóðu sig frábærlega.

Hvað gerir þetta lið einstakt að þínu mati? Öll lið og hópar hjá okkur hérna í Eyjum eru einstök. Það að ferðast allan veturinn í þessa leiki er ekkert sjálfsgefið. Krakkararnir mæta bara í Herjólf klukkan 6:30, æla, fara í rútu, borða og gefa ekkert eftir á móti krökkunum uppi á landi. Á móti fá þessir krakkar meiri tíma saman til að tengjast sem getur að sjálfsögðu verið stór kostur. Það er synd að þessir krakkar þurfi að sækja menntun upp á land að 3. flokki loknum.

Sérðu marga leikmenn úr þessum flokki klára inn í meistaraflokk næstu ár? Þær eru langflestar búnar með einhverjar mínútur á parketinu með meistaraflokki. Þær verða bara fleiri með árunum, bæði stelpurnar og mínúturnar. Það er frábær efniviður hjá okkur í félaginu og voru tólf stelpur í verkefnum í síðasta landsliðsglugga.

Hvað er fram undan hjá liðinu? Við erum núna komnar inn í úrslitakeppnina í Íslandsmótinu og stelpurnar eru langt í frá saddir.

Ótrúlegur stígandi í liði ÍBV

Kvennalið ÍBV í handbolta vann frábæran sigur á Val í þriðja leik liðanna í úrslitaeinvíninu milli þessara liða um Íslandsmeistararatitilinn á síðastliðinn laugardag. Það hefur verið mikill stígandi í leik liðsins í úrslitakeppninni og eiga þær í fullu tré við deildar- og bikarmeistara Vals í þessum úrslitaleikjum.

Ólöf Maren Bjarnadóttir, markvörður liðsins, hefur aldeilis stigið upp eftir að aðalmarkvörður liðsins, Amalia Fröland, varð fyrir því óláni að slíta krossbönd. Ungu leikmennirnir hafa einnig stigið stórt skref áfram og vaxið í hverjum leik.

Reynsluboltarnir Sandra Erlingsdóttir og Birna Berg Haraldsdóttir hafa verið frábærar og dregið vagninn. Þjálfarinn, Magnús Stefánsson, hefur lagt leikina vel upp og þá sérstaklega sigurleikinn í þriðja leik og á mikið hrós skilið.

Birna Berg í sigurleik ÍBV gegn Haukum í undanúrslitum.
Mynd/Sigfús Gunnar.



Byrjunarlið ÍBV gegn Þór/KA á sunnudaginn.

Frábær byrjun hjá nýliðum ÍBV

Kvennalið ÍBV í fótbolta hefur farið frábærlega af stað í Bestu deild kvenna í ár. Eyjakonur, sem eru nýliðar í deildinni, hafa unnið fjóra fyrstu leiki sína og eru með fullt hús stiga á toppi deildarinnar.

Stelpurnar unnu Lengjudeildina með yfirburðum á síðasta tímabili og má því segja að þær séu að koma mörgum á óvart. Þetta er jafnframt besta byrjun nýliða í deildinni í 15 ár. ÍBV hefur skorað tíu mörk í fyrstu fjórum leikjunum og fengið átta á sig, en liðið hélt loksins hreinu í síðasta leik sínum gegn Þór/KA sem vannst 2-0 á Hásteinsvelli.

Blandan í liðinu virðist mjög góð. Lettnesku leikmennirnir Olga Sevcova, Viktorija Zaičikova og Sandra Voitane hafa spilað lengi með liðinu. Bandarísku leikmennirnir Allison Clark, Allison Lowrey og fyrirliðinn Avery VanderVen hafa einnig reynst algjörir lykilmenn. Þá hafa margar ungar og efnilegar Eyjastelpur fengið mikinn spilatíma, sem er afar jákvætt fyrir framtíð liðsins. Þjálfarateymið er að gera frábæra hluti með liðið og verður mjög áhugavert að fylgjast með ÍBV í sumar.

Eyjafréttir

verða umhverfisvænni



Frá og með júlí mun blað Eyjafréttanna eingöngu koma út í rafrænu formi og geta áskrifendur nálgast blaðið á vef Eyjafréttanna, eyjafrettir.is.




Framvegis verða aðeins prentuð **3–4 blöð á ári** sem borin verða út til áskrifenda.



Vefur Eyjafréttanna hefur eflst verulega á undanförunum mánuðum og telja heimsóknir nú **annan tug þúsunda** að meðaltali á degi hverjum.



Hægt er að gerast **áskrifandi** á vef Eyjafréttanna.



EYJAFRÉTTIR

saman síðan sjötiuogfjögur

*Eyjasýn – hefur sagt
eyjafréttir frá árinu 1974.*

Fylgdu fréttum á eyjafrettir.is